ÞITT EINTAK

# SIRKUS

2. JÚNÍ 2006 I 22. VIKA



REYKJAVÍK TRÓPÍK
## FYRSTA ÚTIHÁTÍÐ SUMARSINS

TÍSKA, AUKAHLUTIR & MAKE UP

ÁSDÍS SVAVA
## Á LEIÐ Í UNGFRÚ HEIM

## HVERSU MIKIÐ DJÖFULSINS FÍFL ERTU?

# MEÐ LÖGREGLUNA Á HÆLUNUM

STRÁKARNIR Í SJÓNVARPSÞÆTTINUM TÍVOLÍ HAFA SLEGIÐ Í GEGN OG VAKIÐ MIKLA ATHYGLI. Í VIKUNNI DRÓ TIL TÍÐINDA ÞEGAR LÖGREGLAN TÓK EINN ÞÁTT DRENGJANNA TIL SKOÐUNAR. Í ÞEIM ÞÆTTI VAR KENNT HVERNIG FREMJA SKAL HIÐ FULLKOMNA BANKARÁN.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK



HVÍTASUNNUHELGIN ÆTLAR SVO SANNARLEGA AÐ STANDA FYRIR SÍNU ÞAR SEM TÓNLISTIN SKIPAR STÆRSTAN SESS. HJÁLMAR SPILA Á TVENNUM TÓNLEIKUM ÞESSA FYRSTU ÚTILEGUHELGI OKKAR ÍSLENDINGA.

# HLJÓMFAGRIR HJÁLMAR SNÚA AFTUR

„Það er fullt að gera hjá okkur núna, hvítasunnuhelgin er greinilega málið,“ segir Siggi í Hjálmum. Sirkus ákvað að slá á þráðinn hjá þeim sómapiltum og athuga hvernig helgin leggðist í þá. „Við erum að spila á Reykjavík Trópík hátíðinni í kvöld, sem er alveg meiriháttar framtak, ég meina þetta kallar maður almennilega tónleikaveislu. Við erum búnir að vera iðnir við að búa til eitthvað nýtt og svona, þannig að það er mikill möguleiki á því að fá að heyra eitthvað nýtt. Við erum komnir með alveg slatta af nýju stöffi svo þetta á eftir að vera spennandi. Svo erum við með tónleika á Nasa annað kvöld,“ segir Siggi.

**EKTA HJÁLMATÓNLEIKAR**

*Hvern langar þig að sjá á Reykjavík Trópí?*

„Mig langar alveg rosalega mikið að sjá Supergrass, þeir eru alveg málið fyrir mig að sjá,“ segir Siggi spenntur yfir kauðunum. „Það eina er að ég er ekki viss um að ég nái að sjá þá. Við erum með þessa alvöru Nasa – Hjálmar tónleika á laugardaginn, en kannski ég nái byrjuninni. Þetta verða bara svona ekta Hjálmatónleikar sem enginn á að vera að missa af, það kostar 500 krónur inn og það verður alveg gífurlega mikið stuð,“ segir Siggi í Hjálmum sem hefur í nógu að snúast þessa yndislegu hvítasunnuhelgi.

*sigga@minnsirkus.is*

Sirkus-mynd Valli

SIGURÐUR HALLDÓR GUÐMUNDSSON, SIGGI Í HJÁLMUM.

## SIRKUS MÆLIR MEÐ




Bomban er alveg rosalegur drykkur. Þótt hann bragðist undarlega í fyrsta skipti þá venst hann fljótt. Bomba með nokkrum klökum er líklega mest svalandi drykkur á markaðnum í dag. Ofurhugarnir geta svo jafnvel látið nokkra vodkadropa renna í blönduna og þá er kvöldið alveg klárt.



Steven Seagal-myndir eru að komast aftur í tísku hægt og bítandi. Seagal var heitasti hasarkallinn fyrir um það bil 15 árum síðan og er enn ekki af baki dottinn. Svo er hann mjög andlegur. Til að endurnýja kynnin af kappanum er fólki bent á kvikmyndirnar Hard to Kill, Out for Justice og Under Siege. Af nýrri myndum má benda á Belly of the Beast, The Foreigner og Black Dawn. Svo er Under Siege 3 á leiðinni.




Wyclef Jean er algjör snillingur. Ekki aðeins er hann einn af eitraða tríóinu Fugees heldur hefur hann lagt hönd á plóginn hjá vinsælustu tónlistarmönnum síðari ára. Til dæmis Destiny's Child, Santana og nú síðast Shakira. Lagið Gone til November með kappanum er svo alveg kapítuli út af fyrir sig. One time.



Reykjavík Trópík. Loksins, loksins, tónlistarhátíð í Reykjavík að sumri til. Það hefur nú ekki sést síðan Reykjavík Music Festival var haldin, fyrir svo löngu að Ómar Ragnarsson var ennþá meðlimur í XXX Rottweilerhundum. Nóg af flottum hljómsveitum og kostar ekki nema 4500 kall inn. Endalaust partí.

SIRKUSÁVARPIÐ

# PRÓFUM OKKUR ÁFRAM Í ÓLGUSÆNUM

Nú verður sjónvarpsstöðin Sirkus brátt eins árs gömul – sem og þetta ágæta tímarit. Á þessum bernskuárum sjónvarpsstöðvarinnar hefur innlend dagskrárgerð verið fjölbreytileg en auðvitað misgóð. Sumir þættirnir hafa sogið feitan meðan aðrir hafa náð að sanna sig. Þeirra á meðal er þátturinn Tívolí sem er framleiddur af fjórum hip hopskotnum eldhugum. Þessir fjórir drengir prýða forsíðu Sirkuss í dag.
Þátturinn Tívolí er gott dæmi um hvað það borgar sig að vera óhræddur við að prófa sig áfram – í einu og öllu. Þú mátar nokkrar buxur áður en þú kaupir einar, þú eignast nokkra rekkjunauta áður en þú bindur þig við einn, það gera allavega margir sem ég þekki, og þú prófar nokkra sjónvarpsþætti áður en þú dettur inn á einn góðan. Ef eitthvað klikkar þá á maður ekki að afskrifa það strax. Heldur finna nýjar leiðir til að láta batteríið virka. Oft blæs vindurinn í fangið en það styttir upp um síðir og vindáttin breytist og gefur byr undir báða vængi. Í lífsins ólgusjó, í lífsins ólgusjó.

Sólmundur Hólm




365

SIRKUS

**Auglýsingastjóri:** Jóhannes Már Sigurðarson
**Kynningarstjóri:** Guðmundur Arnar Guðmundsson
**Sölustjóri:** Hörður Jóhannesson hordur.johannesson@365.is
**Ritstjóri:** Sólmundur Hólm
**Ritstjórn:** Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.
**Áskrift:** 550 5000 / askrift@365.is
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja




Forsíðumyndina tók Heiða af Dóra DNA, Þorsteini Lár, Ágústi Bent og Lúlla úr þættinum Tívolí.

# EFNI


**4** – Ásdís Svava yfirheyrð í drasl
**6-7** – Burn-partíið í Iðuhúsinu
**9** – Reykjavík Trópík er fyrsta útihátíð sumarsins
**10** – Ghostigital á ferð um Ameríku
**14** – Hversu mikið djöfulsins fífl ertu?
**16-17** – Tívolí með lögreglunni á hælunum
**18** – Förðunin í sumar
**22-23** – Tónlistartíska
**26-28** – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík
**31** – Þeir allra sterkustu í Smáralind




FRÖNSK / ÍSLENSK TÓNLISTARVEISLA

III hluti

**Bang ehf, Tuborg, Icelandair,**

**&**

**Ambassade de France en Islande**

**kynna:**

# Lady & Bird (DJ-Set)



laugardaginn 3. júní

## á Barnum, Laugavegi 22

ICELANDAIR
www.icelandair.fr

Liberté • Égalité • Fraternité
RÉPUBLIQUE FRANÇAISE
AMBASSADE DE FRANCE
EN ISLANDE

Léttbjór

AllianceFrançaise

**KÓPAVOGSBÚINN ÁSDÍS SVAVA HALLGRÍMSDÓTTIR VARÐ Á DÖGUNUM Í ÖÐRU SÆTI Í UNGFRÚ ÍSLAND. SIRKUS TÍMARIT YFIRHEYRÐI ÁSDÍSI SVÖVU SEM HEFUR Í NÓGU AÐ SNÚAST ÞESSA DAGANA. NÝVERIÐ LÉK HÚN Í DANSKA SPENNUÞÆTTINUM ERNINUM SEM HEFUR VERIÐ SÝNDUR UM ALLA EVRÓPU VIÐ GÓÐAR UNDIRTEKTIR OG Í HAUST HELDUR HÚN Í UNGFRÚ HEIM OG FREISTAR ÞESS AÐ VERJA TITIL UNNAR BIRNU VILHJÁLMSDÓTTUR.**



Sirkusmynd – Anton Brink

# HLUSTA EKKI Á SCOOTER

**FLUGVÉL EÐA LEST? (SPURNING FRÁ SIGRÚNU BENDER, SÍÐASTA VIÐMÆLANDA)**
Flugvél.



**HVERT YRÐI ÞITT FYRSTA VERK EF ÞÚ YRÐIR KARLALANDSLIÐSÞJÁLFARI ÍSLANDS Í FÓTBOLTA?**
Ég myndi velja Matthías Vilhjálmsson leikmann FH beint í liðið.

**24 EÐA ÖRNINN?**
Örninn pottþétt.



**ÓTTAÐIST ÞÚ AÐ VERÐA VALIN VINSÆLASTA STÚLKAN?**
Nei, alls ekki. Það hefði bara verið heiður.

**PRUMPARÐU Í KRINGUM KÆRASTANN?**
Nei, það geri ekki.

**HVAÐ ER ÞAÐ SEM GERIR KÓPAVOG AÐ BESTA BÆ Í HEIMI?**
Það er nýja sundlaugin í Salahverfinu, hún er alveg æðisleg. Og HK, litli frændi minn er þar.

**LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-IÐ SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?**
Vinkona mín Guðbjörg Kristín, kölluð Lilla. Hún var bara að óska mér til hamingju með að fara að keppa í Ungfrú heimur.

**HVERT ER UPPÁHALDS SCOOTER-LAGIÐ ÞITT?**
Ég hlusta ekki á Scooter.

**HVAÐA MYND GRENJAÐIRÐU SÍÐAST YFIR?**
Ég fór að gráta yfir Lion King.

**HVORT ER PABBI ÞINN EÐA KÆRASTINN ÞINN RÓMANTÍSKARI?**
Kærastinn minn.



**FÓRSTU AÐ HLÆJA ÞEGAR UNNUR BIRNA DATT?**
Nei, alls ekki. Mér fannst það rosalega leiðinlegt en sem betur fer var í lagi með hana.

**AF HVERJU MÓTMÆLIR BARA LJÓTT FÓLK?**
Ætli það hafi ekki bara litla trú á sjálfu sér.

**EF ÞÚ FENGIR TÆKIFÆRI TIL AÐ HITTA ÓLA GEIR, AÐ HVERJU MYNDIRÐU SPYRJA HANN?**
Ég myndi bara spyrja hann hvernig það hefði verið að vera sviptur titlinum, herra Ísland.



**SKIPTIR STÆRÐ MÁLI?**
Nei, alls ekki.

**HVORT ER FLIPPAÐRA SILVÍA NÓTT EÐA BJARNI TÖFRAMAÐUR?**
Silvía Nótt.

**EMIL Í KATTHOLTI EÐA LÍNA LANGSOKKUR?**
Emil í Kattholti. Ég á frænda sem er svo líkur honum.

**AF HVERJU VERSLÓ?**
Langbesti skólinn.

**BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLANDA**
Smáralind eða Kringlan?

## SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Ljósabekkir á sumrin eru eins og að fá sér íspinna í frosti. Bændabrúnkan er að komast aftur í tísku og tanið á leiðinni út. Þeir sem eru óvanir sólinni en eru kannski á leiðinni til Búlgaríu eða Spánar fá tískuleyfi til þess að skreppa í einn, tvo tíma til þess að venjast herlegheitunum. Svo fær maður innilokunarkennd í ljósabekkjum.



Sirkus mælir ekki með anorexíu og búlimíu. Þetta er alveg árið 2001. Fólk er vinsamlegast beðið um að hætta þessu bulli. Fá sér frekar brún hrísgrjón, kjúkling, smá sósu, grænmeti og vatn með. Hollt og gott. Svo er ekkert að því að skella í sig einum hammara við og við. Bara átraskanir eru alveg úti.



Hægri öfgastefnur eru alveg úti. Meira að segja Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík var að detta nett til vinstri bara til að tolla í þessari tísku. Þetta er allt meira og minna farið að snúast um velferð og vináttu. Frelsi til og frá, hverjum er ekki sama.



Örbylgjupopp er ískalt í dag. Núna eru það bara gamli góði poppmaísinn sem dugar. Best er að hella botnfylli af olíu í pott, fylla olíuna af maís, hrista og setja hitann í botn. Svo verður að passa að setja ekki of mikið af salti, svo þetta sé nú ekki óhollt.

**ÞAÐ VAR NÓG UM AÐ VERA UM SÍÐUSTU HELGI OG SIRKUS VAR AÐ SJÁLFSÖGÐU MEÐ AUGUN OPIN.**

# TÓNLEIKAR LIÐINNAR VIKU



SÓLSTAFIR HÉLDU ÚTGÁFUTÓNLEIKA Á GAUKNUM SEM VORU MJÖG VEL HEPPNAÐIR.

SÓLSTAFIR ERU FEITT GÓÐIR.





LAY LOW VAR MEÐ LJÚFA HLJÓMA Á KAFFI HLJÓMALIND.

HUGFANGIN.





NÆRSTADDIR HLUSTUÐU HUGFANGNIR Á LAY LOW.


durex
love
smokkurinn kominn
durex
easy-on
love
4 quality condoms for greater confidence
durex love
Fyrir alla unga elskendur
4 fyrir 3



HIPSTER-LANDSLIÐ ÍSLANDS ANNAR HLUTI, KRUMMI OG JOSEPHINE.



ÍVAR Í DR. MISTER AND MR. HANDSOME.
HLJÓMSVEITIN GERÐI ALLT BRJÁLAÐ ENDA ERU ÞAR BRJÁLÆÐINGAR Á FERÐ.



MAGNÚS JÓNSSON OG FÉLAGI, FÉLAGINN ER GRUNSAMLEGA LÍKUR KEANU REEVES.

# BURN-PARTÍIÐ V

Lækjargatan leit einna helst út eins og Sunset Boulevard í Hollywood síðastliðinn laugardag, en þá var hið margrómaða Burn-partí haldið eins og Sirkus greindi frá í síðustu viku. Stórstjörnur sem og aðrir heppnir sem nældu sér í miða biðu óþreyjufullir í röð fyrir utan Iðuhúsið en veisluhaldarar höfðu lofað því að enginn gæti smyglað sér fram fyrir. Biðin var þó vel þess virði þar sem fjörið var í hámarki frá fyrstu mínútu. Áfengið flæddi á barnum og þurfti enginn að borga fyrir neitt. Ein heitasta hljómsveit bæjarins um þessar mundir Dr. Mister and Mr. Handsome spiluðu svo við góðar undirtektir og komu fjörinu vel af stað. Um eittleytið var svo frægðarfólkinu smalað út og hélt það á ný mið. Um 300 manns sóttu partíið í heildina og fengu að bragða á hinum nýja orkudrykk Burn, sem var að sögn þyrstra gesta, mjög góður. Sirkus varð sér úti um myndir sem teknar voru í veislunni.



FJÓLUBLÁTT LJÓS VIÐ BARINN, KIDDI BIGFOOT OG ATLI Í STRÁKUNUM DUTTU Í SLEIK.



ÁSI OG SVALA BJÖRGVINS LÉTU SIG EKKI VANTA ENDA KOMIN MEÐ ÓGEÐ Á MAGIC ENERGY KICK.



HIPSTER-LANDSLIÐ ÍSLANDS KRUMMI OG IMBA SETTU Í FIMMTA GÍR.



STUÐ Á LIÐINU. DANSA, DANSA, DANSA.



AUDDI LÉT FRÍA ÁFENGIÐ RENNA OFAN Í SIG OG MÆTTI HRESS MEÐ PENSARA.


NEGGERINN, PÁLA KÆRASTA HANS OG MÁLFRÍÐUR VINKONA MÆTTU SPRÆK.


HERMIGERVILL ÞEYTTI SKÍFUM FYRIR GESTI.


LEIKARARNIR LÉKU Á ALLS ODDI, JÓHANN SIGURÐARSSON OG HINRIK ÓLAFSSON VORU MANNA PRÚÐASTIR.

# VAR SUDDALEGT!


STÓRU HUNDARNIR JFM OG SIGURJÓN SIG-HVATS SPÁÐU Í BOLLA.


BÚLÍ? HUGLEIKUR DAGS-SON SETTI PUTT-ANN UPP Í KOK.


JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON, HELGI BJÖRNS OG RAGNHEIÐUR GUÐFINNA SPJÖLLUÐU SAMAN UM HEIMA OG GEIMA.


ARNAR GAUTI TÍSKULÖGGA GÆTTI ÞESS AÐ ENGINN VÆRI HALLÆRISLEGUR. REFFILEGUR.


GRANTARINN LÉT SIG EKKI VANTA Í BURNIÐ, ENDA MIKILL AÐDÁANDI ORKUDRYKKJA.


NÍNA BJÖRK OG HEITUR GÆI MEÐ LÚKKIÐ Í LAGI PÖSSUÐU SIG Á ÞVÍ AÐ BROSA FYRIR MYNDAVÉLINA.


Það er klikkað hvað klinkið endist
klinktilboð
i'm lovin' it
Salsa kjúklingaborgari 350
100 KR
50 KR
100 KR
100 KR
Ostborgari 200
i'm lovin' it
100 KR
100 KR
Ís í bikar 150
i'm lovin' it
100 KR
50 KR

**FYRSTA ÚTIHÁTÍÐ SUMARSINS MUN HEFJAST Í DAG, FÖSTUDAGINN 2. JÚNÍ OG STANDA YFIR Í ÞRJÁ DAGA EÐA TIL 4. JÚNÍ. ÚTIHÁTÍÐIN REYKJAVÍK TRÓPÍK FER FRAM Í FYRSTA SINN NÚNA Í JÚNÍ OG AF ÞVÍ TILEFNI VILDI SIRKUS HEYRA HLJÓÐIÐ Í NOKKRUM BÖNDUM SEM MUNU KOMA FRAM. DAGSKRÁIN ER EKKI AF VERRI ENDANUM OG ERU ÞAÐ JAFNT ERLENDAR SEM INNLENDAR HLJÓMSVEITIR SEM MUNU LEYFA TÓNUNUM AÐ DUNA.**

# MAGNAÐUR FAGNAÐUR

Fagnaðurinn mun fara fram í stærsta tjaldi landsins fyrir framan Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Þetta er hin fullkomna blanda fyrstu útileguhelgi sumarsins, það er tjald, áfengi, dans og að sjálfsögðu snilldartónlist. Sirkus bjallaði á nokkra þeirra sem munu koma fram á hátíðinni. Elli í Jeff Who?, Siggi í Hjálmum og Rassi prump í Trabant sögðu okkur fréttir.

*Sigga@minnsirkus.is*

| Föstudagur 2. júní | Laugardagur 3. júní | Sunnudagur 4. júní |
|---|---|---|
| Jakobínarína | Skátar | Flís & Bogomil Font |
| Cynic Guru | The Foghorns | Nortón |
| Daníel Ágúst | Jan Mayen | Hermigervill |
| Benni Hemm Hemm | Stilluppsteypa | Forgotten Lores |
| Girls In Hawaii (BE) | Úlpa | Kid Carpet (UK) |
| Hjálmar | Johnny Sexual | Dr. Spock |
| Bang Gang | Hairdoctor | Ghostigital |
| Ladytron (UK) | Kimono | ESG (US) |
| Apparat Organ Quartet | Jeff Who? | GusGus DJ Set |
| Leaves | Supergrass (UK) | Trabant |
| **DJ dagsins** | **DJ dagsins** | **DJ dagsins** |
| DJ Buckmaster | DJ Andrés | DJ Jack Schidt og DJ Casanova |


JEFF WHO?.

## LAUGARDAGUR TIL LUKKU

„Við erum gífurlega spenntir, við verðum að spila á laugardeginum um níu," segir Elli bassaleikari í Jeff Who?. „Þetta er alveg frábært, ég meina svo lengi sem allt svona stendur undir sér þá finnst mér það gott framtak. Við erum allir frekar spenntir að sjá Supergrass, við höfum allir fílað þessa hljómsveit síðan við vorum 14 ára pjakkar og þeir 16 ára. Við erum að velta því fyrir okkur hvort við getum tekið eitt splunkunýtt lag en við sjáum bara til hvernig næstu dagar fara en það er alltaf margt að gerast hjá okkur."


ELÍS PÉTURSSON BASSALEIKARI Í JEFF WHO?.

## SUNNUDAGSSPRENGJA

„Við erum að spila á hátíðinni, held á sunnudaginn. Ég er bara svo spenntur fyrir hátíðinni að ég man ekki hvenær við erum að spila," segir Ragnar Kjartansson söngvari í Trabant og skellir upp úr. „Mig langar að sjá alveg ógeðslega mikið á þessari hátíð, ég er rosalega spenntur að sjá ESG sem hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér. En síðan er Ladytron mjög spennandi hjómsveit sem mig langar alveg mikið að sjá, hún er ferlega skemmtileg. En við vorum að klára myndband við lagið The One , við erum búnir að vera mjög duglegir í myndbandsgerð upp á síðkastið. Síðan erum við alltaf að spila eitthvað, við verðum í Rússlandi í júní, sem verður mjög skemmtilegt og svo svona út um allt."


RAGNAR KJARTANSSON.


KID CARPET (UK).


SUPERGRASS (UK).


LADYTRON (UK).


JOHNNY SEXUAL.


TRABANT.

## SUNNUDAGSSÆLA

„Við spilum á sunnudeginum beint á eftir Hermigervil og á undan Bretunum í Kid Carpet," segir Benedikt Freyr Jónsson, betur þekktur sem Dj B-ruff, einn meðlima rappsveitarinnar Forgotten Lores. Hljómsveitin dró sig úr tónleikahaldi í vetur, til þess að vinna að nýju efni og segir Benni að næstum bara ný lög séu á prógrammi kvöldsins. Benedikt lofar því að ný plata sé væntanleg frá sveitinni og jafnvel önnur þar sem lifandi hljóðfæraleikur fær að njóta sín. „Sjálfur ætla ég að sjá ESG, Supergrass og Ladytron. Svo reynir maður auðvitað að sjá allar íslensku sveitirnar," segir Benni að lokum.


BENEDIKT FREYR JÓNSSON, DJ B-RUFF Í FORGOTTEN LORES.


FORGOTTEN LORES.


HAIRDOCTOR.


DANÍEL ÁGÚST.


sumar 2006
TOPMAN
SMÁRALIND I 522 8383


sumar 2006
TOPSHOP
SMÁRALIND I 522 8383




Sirkusmynd – Einar Ólason

Það er alltaf skemmtilegt að fá að hnýsast smávegis, hver veit hvaða gersemar við munum finna og sjá hverju sinni. Að þessu sinni fengum við að kíkja í kistuna hjá Kristínu Evu Ólafsdóttur nema í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands. „Ég er að fara á annað ár í grafískri hönnun í Listaháskólanum og síðan er ég líka hönnuður hjá margmiðlunarfyrirtækinu Gagarín,“ segir Kristín Eva galvösk. „Ég hef ekki mikið á minni könnu akkúrat núna, annað en að vinna og skemmta mér. Ég ætla bara að hvíla mig þar sem ég var að klára að hanna útskriftarbókina fyrir Listaháskólann. Ég sá um að hanna og setja hana upp að þessu sinn en það er Já sem gaf símaskrána út og var hún prentuð í 230.000 þúsund eintökum. Þetta var hönnunarkeppni við Listaháskóla Íslands og þema keppninnar var fortíð og nútíð. Ég ætla ekki til útlanda í sumar að ég veit en það er aðallega vegna þess að ég ætla í skiptinám næsta vetur. Ég hafði hugsað mér að fara til Hollands þar sem ég er yfir mig hrifin af einum skóla þar,“segir Kristín Eva sem hefur í ýmsu að snúast. ***sigga@minnsirkus.is***

# BORÐIÐ HENNAR ÖMMU KRISTÍNAR OG KAFFIVÉLIN ÓMISSANDI



„Ég elska úrið, ég hafði látið mig dreyma um úrið síðan ég sá það fyrst,“segir Kristín Eva hress að bragði. „Ég sá það fyrst fyrir um tveimur árum og dásamaði það í hvert skipti sem ég sá það. Síðan gaf maðurinn minn mér það í jólagjöf en armbandið fékk ég í afmælisgjöf. Hringinn fékk ég frá æskuvinkonu minni henni Hönnu Stínu,“ segir Kristín Eva sem á rausnarlega vini og vandamenn.



„Ég valdi kaffivélina af þeirri einföldu ástæðu að hún er ómissandi eftir að ég byrjaði í skólanum,“segir Kristín Eva. Ég fer ekkert í gang fyrr en eftir tvo til þrjá bolla, það er fastur punktur,“segir Kristín Eva sem gæti ekki lifað af án kaffivélarinnar.



„Hún bættist í safnið í Oslóarferðinni og er úr H&M,“segir Kristín Eva. Þetta er soldið skemmtileg saga, því þegar ég dró hana upp úr pokanum hæstánægð með kaupin, hélt vinkona mín að þetta væri borðdúkur. En síðan svona í sárabætur sáum við að þetta efni er úti um allt í dag til dæmis hjá Chloé, Prada og MiuMiu. Ég veit að hana langar að fá hana lánaða en þorir bara ekki að spyrja,“segir Kristín Eva sposk á svip.



„Ég get endalaust bætt á mig jökkum,“ segir Kristín Eva og flissar. „Ég keypti þennan þegar ég heimsótti Helenu vinkonu mína í Osló um daginn. Hann er úr búð sem heitir Rock and Republic og ég get varla farið úr honum því hann er svo flottur,“segir Kristín Eva hæstánægð með kaupin.



„Ég valdi stofuborðið því að amma Kristín heitin átti þetta,“ segir Kristín Eva. „Ég lét yfirdekkja stólana með hvítu leðri og það eru ekki allir sammála mér um að þetta sé flott en mér finnst þetta æðislegt. Þetta hefur líka mjög mikið tilfinningalegt gildi, ég hef átt það í átta ár og lék mér tímunum saman undir því þegar ég var lítil,“segir Kristín Eva og skellir upp úr.




„Mér fannst ómissandi að hafa þær ekki með því ég panta rosalega mikið af bókum á amazon.com. Ég get alveg gleymt mér í bókabúðum og það er nauðsynlegt fyrir mig að fylgjast vel með hvað er að gerast í bransanum,“segir Kristín Eva bókaormur.

NÚNA ER MÁLIÐ AÐ FJÁRFESTA Í ALMENNILEGUM HÆLUM, HELST Í EINHVERJUM FLOTTUM LIT OG AÐ SJÁLFSÖGÐU EKKI VERRA EF ÞEIR ERU SVOKALLAÐIR „WEDGES“ (MEÐ FYLLTUM BOTNI).

## ÞEIM MUN HÆRRI, ÞEIM MUN FLOTTARI



PRADA



GUCCI



DONNA KARAN



LANVIN



DOLCE & GABBANA



OSCAR DE LA RENTA



CHLOÉ



Paris Hilton
Paris Hilton
Fragrance

# HVERSU MIKIÐ DJÖFULSINS FÍFL ERTU?



## HVORT ERTU NETTUR TAPPI EÐA PAPPAKASSI



**1. Þér er boðið í innflutningspartí hjá fyrrverandi kærustunni þinni og nýja kærastanum hennar, þú?**
A. Mætir, óskar henni til hamingju, gefur innflutningsgjöf og segir honum að hún sé algjör fengur.
B. Afþakkar boðið, segist þurfa fara eitthvað annað.
C. Setur á þig sólgleraugu og ferð í leddarann. Mætir í partíið, gubbar á gólfið og lætur henda þér út.
D. Þú mætir með nýju kærustuna þína, tekur hana uppi á eldhúsborði og lemur svo báða gestgjafana.



**2. Með hverjum helduðu á HM í knattspyrnu?**
A. Fer eftir atvikum, en yfirleitt því liði sem spilar skemmtilegasta boltann.
B. Danmörku, því þeir eru frændur okkar.
C. Englandi, því Beckham er snilli.
D. Þýskalandi, sérstaklega eftir að Tyrkjadrullunni Kurani var sparkað úr hópnum. Nú á bara eftir að losa sig við apaköttinn Asamoah.



**3. Þú brýtur eitt af uppáhaldsglösunum hennar mömmu þinnar…**
A. Þú viðurkennir allt saman og kyssir hana á kinnina.
B. Kaupir nýtt og lætur eins og ekkert hafi gerst.
C. Brýtur restina af glösunum.
D. Kennir ömmu þinni með alzheimer um allt saman.



**4. Þú sérð alveg ótrúlega sæta stelpu en hún á kærasta…**
A. Lætur þig bara dreyma, nóg af öðrum fiskum í sjónum.
B. Blikkar hana létt og vonar að hún taki eftir þér.
C. Kýlir gaurinn og hleypur í burtu.
D. Setur liminn á þér í smörrebrauð, kemur dansandi upp að henni og vonar það besta.



**5. Þú sérð Bubba á djamminu og…**
A. Gengur bara fram hjá honum, enda þekkirðu hann ekki neitt.
B. Segir með djúpri röddu, „Bööööbbiii-iiii.“
C. Syngur Svartan afgan eins og það leggur sig fyrir hann.
D. Spyrð hann af hverju hann var svona dónalegur við þig þegar þú reyndir að komast í Idolið.



**6. Gömul kona stendur við gangbraut og bíður eftir því að komast yfir…**
A. Þú stoppar bílinn og vinkar henni vingjarnlega.
B. Neglir niður og vinkar, ekki jafn vingjarnlega.
C. Þú brunar framhjá, óskar „líklegt dagsins að ég stoppi“ og gefur henni puttann.
D. Stoppar, lemur hana, tekur veskið, skóna og sjalið hennar. Keyrir hana svo á haugana.



**7. Nýbúar eru…**
A. Fólk eins og þú.
B. Kannski ekki Íslendingar og eina ástæða þess að Björn Ingi komst að, en fínir samt sem áður.
C. Karrí-lið sem hirðir flottustu kellingarnar, bestu djobbin og nennir ekki að læra íslensku.
D. Mannlegar karrí-rottur.



**8. Karlmennska fyrir þér er…**
A. Úrelt hugtak.
B. Stórar hendur, göfugt viðmót og þröngar gallabuxur.
C. Strípur, tan, ræktin, losa í kellingar og kjósa Framsóknarflokkinn í Kópavogi.
D. Að geta lyft þungum sófum, horft á Arsenal í friði og ekki leyfa kellingunni að komast upp með neitt múður.



**9. Femínistar eru…**
A. Fínir þótt þeir séu stundum með stæla.
B. Leiðinlegir, en það geta ekki allir verið hressir.
C. Frekar og asnalegar stelpur sem fá ekki að ríða.
D. Lesbíur með hár á láfunni.



**10. Kærastan þín er búin að bæta á sig undanfarið…**
A. Elskar hana eins og hún er.
B. Purrar í spikið á henni og hlærð hrossahlátri.
C. Potar í bumbu og spyrð hvort að hún lifi á hvalspiki.
D. Lokar hana inni yfir eina helgi og sveltir hana.

## NIÐURSTÖÐUR

**Flest A** Þú ert nettur tappi, kannski einum of. Mættir alveg stundum sjokkera liðið og hvæsa framan í nágrannann. Þér finnst gaman að vakna á morgnana og fá þér safa, rúnstykki og tilheyrandi. Menn eins og þú eruð í útrýmingarhættu og munu að öllum líkindum deyja út. Það er bara vaðið á skítugum skónum yfir svona næs gæs. Lestu nokkra pistla eftir Gillz og klæddu þig eins og Frosti Logason, þá ættirðu að vera hólpinn í smá tíma.

**Flest B** Þú ert smá fífl stundum, bara rétt eins og allir. Þó sérðu að þér í flestum tilvikum. Þú verður bara að passa að vera ekki svo líbó að þú endir í einhverjum ömurlega hallærislegum pakka. Til dæmis að horfa á Evróvisjón með saumaklúbbi frænku þinnar eða eitthvað álíka. Annars ertu í góðum málum.

**Flest C** Annað hvort ertu eins og annað hvert fífl á Íslandi eða þú ert meðlimur í kallarnir.is. Það er margt hægt að gera til þess að venja sig af því að vera svona mikið fífl en það lang besta er líklega að fara á Dale Carnagie námskeið. Þar lærir maður ekki aðeins að leggja fyrir smá aur og meta lífið upp á nýtt, heldur líka að taka því rólega og vera maður sjálfur.

**Flest D** Dale Carnagie sjálfur gæti ekki hjálpað þér. Ef það vottar fyrir einhverri sómatilfinningu í þessum rotna hug þínum, skaltu drífa þig niður á lögreglustöð og biðja þá um að loka þig inni. Það er mun betra að dúsa inni sjálfviljugur, en að vera svekktur og sár eftir nokkur ár. Því djöfulsins fífl eins og þú munu pottþétt aldrei sjá að sér og játa, þegar þau eru gripin glóðvolg.



TALHÓLF FRÆGA FÓLKSINS…

## HIKANDI ALÞINGISMAÐUR

Talhólf krúttbangsans Sigurðar Kára Kristjánssonar er ekki ýkja merkilegt. Kveðjan er svohljóðandi: „Þetta er hjá Sigurði Kára. Vinsamlegast skildu eftir skilaboð.“

Svona talhólf er ekki sæmandi fyrir metnaðarfullan alþingismann á borð við Sigurð Kára. Í fyrsta lagi er það mjög ófrumlegt, kannski ekki óvænt því Sigurður Kári er íhaldsmaður og í öðru lagi er engu líkara en hann sé að lesa á teip hjá hryðjuverkamönnum. Rödd Sigurðar Kára er hikandi og engu líkara en hann sé hræddur. Við hvað á hann að vera hræddur? Björn Inga? Svo dettur honum ekki einu sinni í hug að þakka fyrir sig í lok talhólfskveðjunnar.

Talhólf Sigurðar Kára fær hálfa stjörnu og hana fær hann fyrir að vera harður stuðningsmaður United líkt og blaðamaðurinn sem þetta ritar.

★☆☆☆☆



## MANNANÖFN VIKUNNAR

### LÖGLEG – EN VESALINGS BÖRNIN

**Assa** – Dæmd til þess að vera lyklabarn.
**Mist** – Mist hvað? Missed call?
**Stefánný Stjarna** – Getur orðið stjarna út á nafnið eitt.
**Tína Bera** – Alltaf í berjamó.

## HEIMASÍÐA VIKUNNAR

### HLUSTAÐU Á VINSÆLT LAG ÁN ENDURGJALDS



Heimasíða vikunnar er www.snooze.is Þar er hægt að finna upplýsingar um það hvernig hægt er að bóka eða hafa samband við krakkana í Snooze, sem eru þau Brynjar Már útvarpsmaður og Kristín Ýr spúsa hans. Á síðunni segir „SNOOZE ER ALLT FRÁ ÞVÍ AÐ VERA STÓRHLJÓMSVEIT MEÐ TROMMUR, BASSA, GÍTAR, HLJÓMBORÐ, BAKRADDIR, DANSARA, SÖNGVARA OG RAPPARA, Í AÐ VERA RAPP-DÚETT OG PLÖTUSNÚÐAR.“

Á síðunni er hægt að hlusta á lagið „förum alla leið“ sem er geysivinsælt þessa dagana án endurgjalds. Lagið er ótrúlega grípandi og áður en menn vita af er það komið á heilann.

## SIRKUSTVÍFARAR



**STEFÁN ÓLAFSSON, PRÓFESSOR**



**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON, BORGARFULLTRÚI D-LISTA Í REYKJAVÍK.**

Það eru menn úr ólíkum áttum sem eru tvífarar að þessu sinni. Það eru þeir Stefán Ólafsson, félagsfræði- og fátæktargúrú, annars vegar og Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, hins vegar. Þeir kappar eru nákvæmlega eins en hugsa þó mjög ólíkt. Stefán er vinur litla mannsins en Júlíus er vinur bílsins. Flottir strákar.

GHOSTIGITAL ERU NÝKOMNIR ÚR TÓNLEIKAFERÐALAGI UM BANDARÍKIN. ÞEIR FÉLAGAR DJÖMMUÐU HART OG SPILUÐU FYRIR STÆRSTU NÖFNIN Í HIP HOP-BRANSANUM.




RÉTT SKAL VERA RÉTT
FROSTI LEIÐRÉTTIR STAFSETNINGARVILLU.

# Í ÆVINTÝRUM Í AMERÍKU

Framúrstefnumennirnir í Ghostigital, þeir Einar Örn Benediktsson og Curver Thoroddsen, fóru í minniháttar túr um Bandaríkin á dögunum í kompaníi með Frosta Mínusverja, Gísla Galdri og Ella úr Jeff who?. Þeir komu heim í liðinni viku eftir að hafa farið hamförum á sviði fyrir framan elskendur raftónlistar á vesturströndinni og þeirri eystri.

**EAST COAST / WEST COAST**

„Við spiluðum fimm tónleika á sjö dögum," segir Curver. „Við byrjuðum í Los Angeles, eftir það vorum við með tvenna tónleika í San Francisco. Síðan flugum við yfir á austurströndina og spiluðum í New York og New Jersey. Þetta var mikilvægur túr fyrir okkur þar sem við hittum fólkið sem við vinnum með: Útgáfufyrirtækið, tónleikabókarann okkar og fólkið sem sér um okkur þarna úti."

**ÖLVAÐ RAPP Í NEW YORK**

Flottustu tónleikarnir fóru fram í hinu svokallað stóra epli. „Já, þeir voru mjög sérstakir tónleikarnir í New York. Sensational, sem rappar með okkur stundum, mætti þarna á svæðið blindfullur og í góðum fílíng. Við fengum hann til að taka eitt lag með okkur en svo kom hann aftur og aftur upp á svið til okkar og við gátum varla losnað við hann. Þetta endaði á því að við hálfneyddumst til þess að taka þrjú lög með honum bara til þess að róa hann niður," segir Curver.

**STUNGIÐ AF Í TAXA**

Á tónleikunum í New York var elítan í alternatíva hip hop-bransanum mætt til að taka púlsinn á því sem er að gerast á klakanum. „Við vorum líka dáldið stressaðir vegna þess að það voru stórir hip hop-pródúserar í salnum: Danger Mouse úr Gnarls Barkley og Dan the Automator [úr Handsome Boy Modeling School] sem framleiddi fyrstu plötuna hjá Gorillaz. Þannig að þetta var dáldið kostuleg uppákoma. Það var bara mikil spilagleði í Sensational. Síðan fórum við í eftirpartí hjá Gnarls Barkley en urðum að stinga Sensational af vegna þess að hann elti okkur um allt. Þetta var dáldið skondið kvöld í New York."

Landsmenn geta virt fyrir sér og hlýtt á félagana í Ghostigital um helgina. Þeir munu stíga á svið á Reykjavík Trópík hátíðinni sem haldin verður fyrir framan Háskóla Ísland. Auk þeirra koma meðal annars fram Supergrass, Bang Gang og Apparat Organ Quartet.

-ÞJ



STAFRÆNU DRAUGARNIR
GÍSLI GALDUR, EINAR ÖRN, FROSTI, ELLI OG CURVER Í SAN FRANCISCO.



TÖLVUVÆDDIR
ENGIN RAFTÓNLISTARSVEIT FER AÐ HEIMAN TÖLVULAUS.

FRAMSÓKN FÉKK VÖLDIN EN EKKERT FYLGI

## ÞESSIR FÁ EKKERT FYLGI, EN ÆTTU AÐ FÁ VÖLD



**1.Snorri Ásmundsson – listamaður**
Formaður hægri vinstri snú flokksins gæti gert kraftaverk sem formaður borgarstjórnar.



**2.Helgi Hóseason – mótmælandi**
Gæti hrist upp í liðinu og skyrinu.



**3.Hrafn Gunnlaugsson -kvikmyndagerðarmaður**
Gæti gert Reykjavík að atriði í Blade Runner, ef hann fengi smá rúm til þess.



**4. Ásgeir Hannes Eiríksson – Vert með skýra stefnu í málum innflytjenda.**
Vertinn á Blásteini er með háleitar hugmyndir og metnaðinn til þess að framkvæma þær. Á samt ekkert obboðslega marga stuðningsmenn.



**5. Jóhanna Sigurðardóttir – alþingiskona**
Hennar tími hlýtur að fara að detta í gang.



**6.Magnús Skarphéðinsson – formaður Sálarrannsóknarfélags Reykjavíkur.**
Hefur margt að segja um þetta allt saman.



**7.Hannes Hólmsteinn Gissurarson**
Veit að hádegismaturinn er aldrei ókeypis og gæti hæglega gert Ísland að ríkasta landi í heimi.

# Arthúr

## FLOTT KVENDI




fjandinn.com/Arthur

**ÞEIR ÞORSTEINN LÁR, DÓRI DNA, BENT OG LÚLLI HAFA SLEGIÐ Í GEGN Í ÞÆTTINUM TÍVOLÍ Á SIRKUS EN NÆSTA ÞRIÐJUDAG VERÐUR LOKAÞÁTTURINN AF ÁTTA SÝNDUR Á STÖÐINNI. ÞÆTTIRNIR HAFA FENGIÐ MIKLA ATHYGLI FRÁ BREIÐUM HÓP – MEIRA AÐ SEGJA LÖGREGLUNNI SEM Á DÖGUNUM TÓK SJÖTTA ÞÁTT SERÍUNNAR TIL SKOÐUNAR. Í ÞEIM ÞÆTTI SÝNDU STRÁKARNIR HVERNIG BEST ER AÐ FRAMKVÆMA BANKARÁN. VILDI LÖGREGLAN SJÁ HVORT NOKKUÐ ÓLÖGLEGT VÆRI AÐ FINNA Í ÞÆTTINUM. SIRKUS TÓK HVERN STRÁK FYRIR SIG OG YFIRHEYRÐI Í DRASL.**




# LÖGREGLA RANNSAKAR BANKARÁN Í TÍVOLÍ

## LÚLLI

**Nafn:**
Lúðvík Páll Lúðvíksson aka Lúlli Palli aka Lally Pop aka PINPIN.

**Uppáhaldstívolítæki:**
Mjög langt síðan ég fór í almennilegt tívolí. Held ég hafi síðast farið með Bent og Eika fyrir 6 árum síðan í Danmörku. Ætli ég segi ekki klessubílarnir því ég er ekki með bílpróf.

**Hvaða banka langar þig helst til þess að ræna, og af hverju?**
KB á Vesturgötu hann er skuggalega nálægt mér, ég gæti skokkað heim með ránsfenginn, svo er hraðbankinn þar fyrir utan alltaf bilaður svo það ýtir bara undir að ræna bankann.

**Hvaða mann langar þig mest til að berja og af hverju?**
Held ég haldi því bara fyrir mig.

**Ferðu oft í sleik á skemmtistöðum?**
Það dettur alveg inn þegar maður er halaður niður í bæ.

**Hefurðu notið ásta inni á almenningssalerni?**
Semi.

**Myndirðu gera takt fyrir Kalla Bjarna?**
Nei, það held ég ekki. En maður myndi kannski gera einhverja takta fyrir einhverja svona sultuhunda því maður þarf nú að borga reikninga.

**Hvað ertu með mörg frag í counter strike?**
Veit ekki, þetta er líka fáranleg spurning. Hver semur þetta?

**Á Dóri DNA að fara í megrun?**
Dóri er mjög smooth gaur eins og hann er

**Hvaðan ertu?**
Ég er ættaður að Westann úr Aðalvík en ég ólst upp í Árbæ. Í dag bý ég í 101.

**Hvernig ertu með víni?**
Áfengi er smooth, maður má vera fucked á áfengi en þegar maður dettur í frítt áfengi þá getur maður orðið dáldið valtur. En annars er maður alltaf að vera smooth á því.

**Hvað næst?**
Ég er að klára þessa Tívolí-seríu svo tekur eitthvað tónlistartengt við. Ég hef verið að semja tónlist í smá verkefni sem ég ætla að reyna að koma í gang í sumar en svo í haust ætla ég bara að halda áfram í Kvikmyndaskólanum.





## DÓRI DNA

**Nafn:**
Dóri DNA, Halldór Halldórsson, DNA-maðurinn, Stóri lurinn, Breiði herramaðurinn, Marmelaðikóngurinn, Gúmmelaðibóndinn, Bóbó, Kútur, Loverboy, Erfiðleikarinn eða Hrottinn.

**Uppáhaldstívolítæki:**
Ég er svo hræddur við öll stóru tækin að ég fer aldrei í þau. Mér finnst bara hæfilega þægilegir rússíbanar skemmtilegir. En þegar sígaunatívolíið kemur til Íslands á sumrin þá finnst mér skemmtilegast að fara í bollana og sjá allt goth-liðið sem er blindfullt þar.

**Hvaða banka langar þig helst til þess að ræna, og af hverju?**
Ég myndi ræna Landsbankann á Langholtsvegi. Pínulítið útibú þar sem enginn býst við mér. Ég myndi hlaupa inn með sveðju og skipa gjaldkeranum að láta mig fá alla fimm þúsundkallana. Svo myndi ég hjóla upp í Mosfellsdal.

**Hvaða mann langar þig mest til að berja, og af hverju?** Mig langar til þess að lemja helling af liði til dæmis dávaldinn Sailesh af því hann er ógeð, landsliðið í karate því ég held ég gæti það, Gillzenegger til að sýna honum hvað er í gangi. Svo langar mig að lemja Sveppa, ekki af því að ég hafi eitthvað á móti honum. Ég held að það væri bara svo gaman.

**Á Bent að taka magaæfingar?** Nei því þá myndu kallarnir.org reyna að ná honum á sitt band. Ég kann vel við hann eins og hann er. Með brjóstvöðva, byssur og bjórvömb.

**Af hverju hösslarðu svona fáránlega mikið?** Ætli það sé ekki sambland af ómótstæðilegu brosi, lygum, óhefðbundleika, hótunum og stórkallalátum. Svo dansa ég alveg frábæran lárettan mambó.

**Hvenær misstirðu sveindóminn?** Þegar ég var 13 ára, eins og fagmaður.

**Hefurðu fengið dömu út á að vera barnabarn Halldórs Laxness?** Það held ég ekki, enda væri það líka örugglega alveg ömurleg skonsa . Held að stelpur vilji sjaldnast sofa hjá manni ef afi manns er töff.

**Af hverju ferðu ekki í megrun?** Ég var búinn að einsetja mér það að líta út eins og leikarinn The Rock í maí árið 2006. En svo kom Gillzenegger fram á sjónarsviðið og mér finnst eins og að hann og hans yfirborðslegu gildi séu búin að sigra ef ég ákveð að fara í megrun. Hins vegar hefur hann fullvissað mig um að hann geti látið mig líta út eins og The Rock og finnst mér tilboðið mjög freistandi.

**Af hverju ertu betri rappari en aðrir?**
Mig hefur alltaf dreymt um að fá þessa spurningu og svara henni á eins hrokafullan máta og hægt er. Nú þori ég varla að svara henni. En ætli ég verði ekki bara að vera samkvæmur sjálfum mér og segja, „bíddu veistu ekki hver afi minn er?“ Annars er ég betri því að textarnir mínir feta góða línu milli frumleika, góðs ríms og skáldlegrar fegurðar.

**Hversu mikill Fat Joe ertu?** Ég á föt sem ég kalla Fat Joe-fötin. Þegar ég er kominn í þau erum við ekkert svo ósvipaðar týpur. Annars er hann Puertó Ríkani og ég bara úr Mosfellsdal. Hann er víst einhver glæpon en ég er bara grínisti. Hann á spikfeitar gullkeðjur en um daginn þegar ég reyndi að eignast svoleiðis sagði konan í búðinni að einungis væru til „litlar og mjóar karlmannskeðjur.“ Ég trúi nú varla að Fat Joe sé boðið upp á svoleiðis frat.

**Hver eru furðulegustu rapptilboð sem þú hefur fengið?**
Mér hefur verið boðið að rappa á ömurlegum stöðum. Einu sinni var til dæmis unglingablaðið Smellur að gefa út disk og hljómsveitinni minni, Bæjarins bestu, var boðið að vera með lag. Síðan kom í ljós að við þyrftum að borga fyrir það. Síðan hefur mér verið boðið að rappa í Evróvisjón, í auglýsingum og með hljómsveitinni Í svörtum fötum. Einu sinni samdi ég líka rapptexta fyrir forstjóra Essó. En það er önnur saga.

**Hvað næst?**
Ég er kominn með stúdentspróf sem er líklega eini áfanginn í námskerfinu sem ég ætla mér að ná í lífinu. Næst er því að fara til Búlgaríu og á Hróarskeldu. Í haust ætla ég svo að gefa út fyrsta sólódiskinn minn, sem verður vonandi sá besti í heimi.

# ÞORSTEINN LÁR

**Nafn:** Þorsteinn Lár Ragnarsson aka Þossi stinni bossi aka Stinnímon.

**Uppáhaldstívolítæki:** Niðurskotsturninn í Liseberg í Gautaborg.

**Hvaða banka langar þig helst til þess að ræna og af hverju?**
Seðlabankann. Þar er geymt svo mikið af gulli að það væri hægt að smíða þakið á nýja tónlistarhúsinu úr gulli.

**Hvaða mann langar þig mest til að berja, og af hverju?**
Alla þá sem keyra lengst til vinstri í Ártúnsbrekkunni þótt það sé laust á miðjuakgrein. Einnig hafa nokkrir dómarar í Landsbankadeildinni verið okkur Fykismönnum óhliðhollir og ber þar að nefna Gylfa Orra . . .

**Hvar ertu í pólitík?**
Hef mestmegnis verið í Laos að sinna umbótasinnuðum áætlunum sem miða að því að rækta upp blandaðan kynstofn sultuhunds og víetkong-manna. En ákvað annars að styðja við Dag B. Eggerts núna á Íslandi.

**Hvað er sultuhundur?**
Nafnið er komið af því að austur á héraði láta einmana konur í innsveitum hunda sína sleikja rabbabarasultu af skinkunni á sér, sem er náttúrulega ógeðslegt sport og hefur þetta orð dottið í gang yfir gay-liðið.

**Ferðu oft í sleik á skemmtistöðum?**
Jájá. Dettur það ekki í gang svona endrum og eins? Menn eru að taka grimman flexbabar inn á milli.

**Myndirðu gerast umboðsmaður Snooze?**
Ef ég væri með það á blaði að ég fengi svona circa 94,3 % af plötusölu, 87% af tónleikum, bíl, hús og fótboltakærustu úr Val væri ég alveg hugsanlega að detta í pakkann. Já ef ég fengi líka tíu kassa af Havana Club.

**Ertu besti vallarþulur landsins?**
Það er bara einn vallarþulur sem hefur náð að gerast skemmtikraftur í leiðinni og hann er hjá Fylki FC. Ég masteraði einmitt handboltann í vetur og ég verð svekktur ef ég verð ekki beðinn um að taka á Svíagrýlunni 17. júní í Laugardalshöll

**Versti sjónvarpsþáttur sem þú hefur séð?**
Partí 101 sem af mjög spes ástæðum lagði upp laupana meðan Rúllupulsan lét rigna upp í nefið á sér og fékk sér misheppnuð sílikonbrjóst í kjöfarið. Hvað er það spyr ég?

**Á Dóri DNA að fara í megrun?**
Ég veit að Gliznigga gæti gert massa mikið á vissum sviðum í taninu, en með þennan persónuleika myndi DNA maðurinn aldrei ná að samsvara sér nægjanlega vel elgtanaður á Hondu Civic.

**Er eitthvert pjúra gangsta sjitt í gangi á Íslandi í dag?**
Já! Fylgist með mér á gangi í Árbænum.

**Hvað næst?**
Hip hop-væða landann! Priority numero uno. Annars bara að mixa besta hótel á Íslandi – Hótel Keilir Keflavík.





# BENT

**Nafn:** Ágúst Bent Sigbertsson

**Uppáhalds tívolítæki:**
Ég gubba bara sko. Ég fer í tívolí til þess að vinna bangsa og fara í draugahús. En af tækjunum eru klessubílarnir skemmtilegastir.

**Hvaða banka langar þig helst til þess að ræna og af hverju?**
Allir bankar eru semi-illir, þannig að ég myndi vilja taka á þeim öllum. Enda eru bankarnir sjálfir sírænandi. En helst myndi ég vilja ræna Intrum Justicia. Bara það sem ég sjálfur hef borgað þeim myndi teljast góður ránsfengur.

**Hvaða mann langar þig mest til að berja?**
Á Íslandi eru nú fáir sem mig langar til þess að berja, nema kannski strákana sem helltu hveiti yfir Tryggva ógæfumann. Á heimsvísu væri ég mest til í að berja alla þessa bresku „Happy Slappers“.

**Hefurðu skallað mann, ef já, hvað marga?**
Nei, en ég hef skallað eina konu. Ég vil ekki tala um það.

**Á Dóri DNA að fara í megrun?**
Alveg eins. Hann væri flottur ef hann væri léttari, en hann er líka flottur svona. Aðallega þyrfti hann að fara að lyfta lóðum. Jafnvel þótt það yrði til þess að hann yrði ennþá stærri.

**Hvað tekurðu í bekk?**
Metið mitt er 140 kg. En ég efast um að ég nái þeirri þyngd upp í dag.

**Af hverju tekurðu aldrei magaæfingar?**
Brasilískt Jiu-Jitsu tekur ágætlega á magavöðvunum, mér finnst óþarfi að taka líka situps. Skornir magavöðvar eru líka fyrir hómófóbíska en kvenlega tjokkóa sem halda að frægð sé að vinna í fatabúð og toppurinn sé að rúlla fram fyrir röð. Þeir eiga lítið sameiginlegt með alvöru lyftingum og karlmennsku yfir höfuð.

**Hvenær misstirðu sveindóminn?**
Ég missti sveindóminn í undirgöngum á milli Breiðholts og Árbæjar þegar ég var 15 ára.

**Af hverju ertu betri rappari en aðrir?**
Ég er tilbúinn til þess að eyða eins löngum tíma og til þarf í að skrifa texta. Flestir hinir hljóma eins og þeir hafi samið textana á klósettinu eða í hléi í bíó.

**Myndirðu kveikja í Árbænum fyrir milljarð?**
Nei, fyrir mér er Skalli í Árbænum einn meira en milljarðs virði. Hvað þá hverfið í heild sinni.

**Hvað er næst?**
Skapandi sumarstörf Hins hússins, LHÍ og fyrsta sólóplatan með Bent kemur árið 2006.



Texti: Sólmundur Hólm Sólmundarson. Myndir: Heiða.

**AÐ ÞESSU SINNI FENGUM VIÐ RIFKA COSMETICS Í LIÐ MEÐ OKKUR TIL AÐ FÁ SMÁ INNSÝN INN Í ÞAÐ HVAÐ ER VINSÆLAST HJÁ ÞEIM Í SUMAR. HVAÐ MUN RIFKA COSMETICS NOTA Í SUMAR OG HVAÐA TIPS BJÓÐA ÞAU LESENDUM OKKAR UPP Á?**

# MÓSAÍKPÚÐRIÐ ALLTAF VINSÆLT



„Þetta er svona mild og þægileg förðun sem er tilvalin á svona björtum dögum eins og núna," segir Ásthildur Davíðsdóttir förðunarfræðingur og sölustjóri hjá rifka cosmetics. Ég notaði léttan og olíulausan farða sem er svo mikið núna, einnig lagði ég áherslu á að ná fram svona „glow" lúkki. Það er smá glans í farðanum en ég bætti soldið út í hann.Ég bætti smá svona gylltu stardusti út í meikið og það kemur alveg rosalega flott út. Þetta „glow" lúkk er alveg málið í sumar," segir Ásthildur um litina í sumar. Svo eru það duo-blýantarnir sem eru alveg frábærir, það eru 6 litir og öðru megin er blýantur en kremaður augnskuggi hinum megin. Þetta er rosalega þægilegt í notkun og allir geta notað þetta. Setja fyrst blýantinn og rúlla svo kremaða augnskugganum yfir augnlokið. Núna notaði ég þennan ferskjulitaða vegna þess að hann er svo léttur og náttúrulegur,"segir Ásthildur Davíðsdóttir að lokum.

*sigga@minnsirkus.is*




**DUO-AUGNSKUGGI OG BLÝANTUR: FLJÓTLEGUR Í NOTKUN OG HENTAR MJÖG VEL Í SUMARFRÍIÐ.**

**AUGNSKUGGINN ER Í MILDUM SUMARLEGUM TÓNUM.**



**FLOTT FÖRÐUN SEM ER NÁTTÚRULEG OG FERSK, FRÁBÆRT FYRIR SUMARIÐ.**



**FALLEGT SÓLARPÚÐUR SEM GEFUR HRAUSTLEGT ÚTLIT, HENTAR ÖLLUM HÚÐGERÐUM.**



**STARDUST. FRÁBÆRT AÐ BÆTA GOLDDUSTI SAMAN VIÐ FARÐANN TIL AÐ FÁ ENN GYLLTARI ÁFERÐ.**



**MÓSAÍKPÚÐRIÐ ER ÆÐISLEGT FYRIR ALLA (MOSAIC BRONZING POWDER)**




**MINERAL SHEER TINT. OLÍULAUS FARÐI MEÐ VÖRN SPF 20. FALLEGUR LÉTTUR FARÐI, GEFUR GEISLANDI GYLLTA ÁFERÐ.**

# MUGISON ER OV FEITUR

Tað er ikki bara heimsins tónleikaelskarar og ummælarar, sum halda, at Mugison, íslendski sonurin, stutt sagt er nógv for feitur. Tað heldur hann eftir øllum at døma eisini sjálvur.



Eftir at hava gjørt fýra fløgur á fartelduni og tikið tíggju kilo uppá, meðan Mugibaby hevur verið á veg, hevur íslendski sonurin Mugison valt at taka sær annað skinn um bak. Mugison hevur nevniliga fingið sær fatur á eini rytmudeild úr kjøti og blóði. Arnar eitur trummarin, og Gudni eitur bassarin. Í garasjuni hjá Mugison hava hesir tríggir so vant tónleik, umframt at Arnar og Gudni báðir hava hjálpt Mugison við at klænka seg. Konan, Rúna Esradóttir, og langtíðar vinurin, Birgir Birgisson, eru eisini beint við og stuðla tilgongdini. Tíbetur.

Mugison er annars í løtuni í ferð við at gera sína triðju studio fløgu, umframt filmsløg til îMyrinî, ið er seinasti filmurin hjá Baltasar Kormakur, ið somuleiðis filmstjórnaði îA little trip to Heavenî, sum Mugison gjørdi tónleikin til. Bæði filmur og fløga verða givin út í heyst. Og tit sum ætla á G! kunnu gleða tykkum til eina lættari, enn betri og ikki minst organiskari útgávu av einum av fremstu tónleikanøvnunum í Íslandi.

Mugison kann upplivast í Keypmannahavn hósdagin kl. 18, tá hann og løttu tónleikararnir fara at spæla á einum flótandi palli við Norður Bryggjuna.



**FÆREYSKA FRÉTTIN**

**MUGISON FEITI.**



AÐALHEIÐUR ÝR ÓLAFSDÓTTIR



ELÍSABET THORLACIUS



DÓRA SJÖFN ELLERTSDÓTTIR



ANNA CRISTINE



SIGRÚN BIRNA BLOMSTERBERG



MARÍA RÓS ÓMARSDÓTTIR



MARINA KOVASEVIC



HELGA MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR

# PRAVDAPRINSESSAN – *LOKAKEPPNI*

PRAVDA Í SAMSTARFI VIÐ SÓLBAÐSTOFUNA SMART OG SMIRNOFF STENDUR FYRIR KEPPNINNI, PRAVDAPRINSESSAN 2006. HALDNAR HAFA VERIÐ ÁTTA UNDANKEPPNIR, EIN Í HVERJU BLAÐI. SIGURVEGARINN ÚR HVERRI KEPPNI FER SÍÐAN Í LOKAKEPPNI ÞAR SEM FERÐ FYRIR TVO TIL EVRÓPU Í BOÐI ICELAND-EXPRESS ER Í AÐALVERÐLAUN.
NÚ ER KOMIÐ Í LJÓS HVAÐA ÁTTA STELPUR ERU KOMNAR Í ÚRSLIT EN ÚRSLITAKVÖLDIÐ VERÐUR HALDIÐ Á PRAVDA ÞANN 10. JÚNÍ NÆSTKOMANDI. ÞAÐ VAR HELGA MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR SEM VAR SÍÐUST TIL AÐ BÓKA SIG INN Í ÚRSLITIN MEÐ ÞVÍ AÐ SIGRA Í SÍÐUSTU UNDANKEPPNINNI.

**LOKAKEPPNIN VERÐUR LAUGARDAGINN 10. JÚNÍ Á PRAVDA AÐ SJÁLFSÖGÐU OG VERÐUR NÁNAR AUGLÝST Í NÆSTA BLAÐI. EN MUNIÐ AÐ TAKA KVÖLDIÐ FRÁ.**

Myndver.is

PRAVDA
CLUB / BAR

smart
sólbaðstofa


LOKSINS
LOKSINS
LOKSINS
Hollywood þægindi á Íslandi!
GOLD
Hann er til leigu!
Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
Tekur 17 farþega
Lystisnekkja á hjólum
GOLD LIMO
SÍMI 897 0930 • goldlimo@goldlimo.is

# TÖSKUR & TUÐRUR



5.390 krónur –Noa Noa



3.390 krónur –Noa Noa

**ÞAÐ ER LJÓST AÐ KVENFÓLKI FYLGIR ÝMISLEGT DRASL, SEM OG MIKILVÆG PLÖGG OG AUKAHLUTIR. ÞESS VEGNA ER ÁVALLT MÁLIÐ AÐ EIGA FLOTTAR TÖSKUR UNDIR ALLT GÓSSIÐ. ÚRVALIÐ AF TÖSKUM OG TUÐRUM ER ÁVALLT GOTT OG NÚNA ERU KOMNAR ÝMSAR TÖSKUR MEÐ SUMARLEGUM BLÆ.**



2.690 krónur – Aldo



2.990 krónur – Aldo



2.790 krónur – Aldo





17.900 krónur – Marco Polo



3.490 krónur – Vero Moda



6.990 krónur – Vero Moda



4.590 krónur – Vero Moda



11.900 krónur – Marco Polo



## Á SUMRIN SKAL „BÖSTA REILIÐ“

Belleville sem er staðsett á Laugarvegi 63 var opnuð nú á dögunum og hefur vakið athygli fyrir flottar hönnunarvörur. Hins vegar má ekki gleymast að þar fæst ekki einungis fatnaður heldur bretti og dót sem vert er að kíkja á. Ekki gleyma að sumarið er tilvalið til að „bösta reilið“ og jafnvel gefa dót sem er eðalhönnunarstöff.





## DIAMONDS ARE A GIRL'S BEST FRIEND...

**EINS OG SEGIR Í LAGINU ER FLEST ALLT SEM GLITRAR FREKAR VINSÆLT HJÁ KVENÞJÓÐINNI OG AF ÞVÍ TILEFNI ÁKVAÐ SIRKUS AÐ KÍKJA Á FALLEGT FINGRASKART. ÞEIR ERU TIL Í ÖLLUM STÆRÐUM, GERÐIR ÚR HINUM ÝMSU MÁLMUM OG FARA EINSTAKLEGA VEL Á FINGRI.**



7.990 krónur - Meba



3.500 krónur - Meba





4.600 krónur - Meba



2.750 krónur – Aldo

7.900 krónur - Meba



3.990 krónur - Meba





2.750 krónur – Aldo



1.690 krónur – Aldo



ÁSLAUG: BUXUR: KRONKRON CAMILLA STÆRK.
SKYRTA: GLAMÚR.
SKÓR: EINKAEIGN.
NICHOLAS: BUXUR: EXODUS ENYCE.
BOLUR: BELLEVILLE PATRIK SÖDERSTAM.
SKÓR: BELLEVILLE VAN



ÁSLAUG: SKÓR: SAMFESTINGUR: KRONKRON ELEY KISHIMOTO.
SKÓR: BELLEVILLE BERNHARD WILHELM.
NICHOLAS: BOLUR: KRONKRON DARK HORSE -.
SKÓR: BELLEVILLE BERNHARD WILHELM.
KLÚTUR: KRONKRON HENRIK VIBSOV.

# MAKING MUSIC

**TÓNARNIR SVÍFA UM HERBERGIÐ OG TÓNLISTIN FÆR AÐ DUNA DAG OG NÓTT. ÞAU BLANDA SAMAN UNDIRSTÖÐUATRIÐUM TEKNÓ-TÓNLISTAR, MEÐ SMÁ SLETTU AF KLIKKUÐU GRINDI, ÖFGAFULLUM ÖSKRUM OG KRÖFTUGUM BREAKDOWN-KÖFLUM Í BLAND VIÐ HLJÓMFAGRA MILLIKAFLA HJÁ FRÚNNI.**



ÁSLAUG:
BUXUR: KRONKRON.
BOLUR: BELLEVILLE.
NICHOLAS:
SKYRTA: KRONKRON.



ÁSLAUG: BUXUR: KRON-
KRON MARJAN PEJOSKI
BOLUR: BELLEVILLE
BERNHARD WILHELM
NICHOLAS: SKYRTA: KRON-
KRON RTZ.



ÁSLAUG: BUXUR: EXODUS.
BOLUR: KRONKRON WOOD WOOD.
BELTI: GYLLTI KÖTTURINN.
SKÓR: EINKAEIGN.
NICHOLAS: BUXUR: KRONKRON MARJAN
PEJOSKI. PEYSA: EXODUS GODBODY



ÁSLAUG: BUXUR: EXODUS GODBODY.
BOLUR: KRONKRON DARK HORSE -FOR-RTZ.
SKÓR: BELLEVILLE BERNHARD WILHELM.
NICHOLAS: BUXUR: EINKAEIGN.
PEYSA: EXODUS GODBODY.
BOLUR: BELLEVILLE PATRIK SÖDERSTAM.





ljósmyndari: heiða helgadóttir. stílistar: ása ottesen og sigga ella. make up: björg alfreðsdóttir hjá emm school of make up. módel: áslaug og nicholas.

NÝJA OG ÁRAN
VOPNIÐ VIÐ




GARN

Bólu pe
þurrkar

Það er sanna
notkun, vegna
**Þornunaráh**
**Hreinni húð**
Prófað af húð
Sjáið sjálf! Þa
sjá en heilbrig

**Áhrifin**
**vísind**




* Prófað af 129 konu

Garnier Pure
Krónunni, Ne

IGURSRÍKA
ÓHREININDUM*

# ER PURE

## nninn, sem
## upp allar bólur

! Árangur sést strax við fyrstu
djúphreinsiáhrifa í efnablöndunni.

**if: 85%***

**84%***

júkdómalæknum.
er ekki lengur annað að
ða og hreina húð.

**könnuð með**
**legum hætti**




. Þar af upplifðu 85% / 84% greinileg áhrif.

æst í Fjarðarkaup, Hagkaupum,
tó og Nóatúni.




GARNIER

# VINNUR EKKI NEMA ÞÚ TAKIR ÞÁTT

**PETRA RÓS ÓLAFSDÓTTIR VANN 32 TOMMU LCD-FLATSKJÁ Í EUROVISION-LEIK FM 957 OG BT Á DÖGUNUM. PETRA SEGIR VINNINGINN HAFA KOMIÐ SÉR ÓTRÚLEGA VEL ÞVÍ FLATSKJÁR HAFI LENGI VERIÐ Á ÓSKALISTA HÚSBÓNDANS Á HEIMILINU.**



Sirkus mynd – GVA

HÆSTÁNÆGÐ! PETRA RÓS TEKUR VIÐ VERÐLAUNUNUM FRÁ STARFSMANNI BT ÁSAMT ÓLAFI ÞÓR SYNI SÍNUM.



BT MÚSIN! ALLTAF GJAFMILD.

„Þetta var mjög skemmtilegt sérstaklega í ljósi þess að ég er að flytja þessa dagana. Sjónvarpið mun fara beint upp á vegg á nýja staðnum. Þá hafði þetta lengi verið á óskalistanum hjá kallinum,“ segir Petra Rós Ólafsdóttir sem vann 32 tommu LCD-flatskjá frá BT í Eurovision-leik FM 957 og BT.

*En fannst þér ekki með ólíkindum að hafa unnið?* Nei alls ekki. Ég hef áður unnið í svona leikjum og verið dugleg að taka þátt. Maður vinnur ekki nema maður taki þátt segi ég við þá sem öfundast,“ segir Grindvíkingurinn Petra Rós og hlær.

Það verður því horft á HM í fótbolta beint frá Þýskalandi við toppaðstæður í nýja húsinu í Grindavík. Feðgarnir Unnar og Ólafur Þór geta því leyft sér að hlakka til veislunnar miklu sem hefst á leik gestgjafanna og Kosta Ríka á Sýn 9. júní næstkomandi. Til hamingju Petra Rós og fjölskylda.

# LAZER SHOW Í ÍSLENSKU ÚTVARPI?

**KALLARNIR ERU KOMNIR MEÐ ÚTVARPSÞÁTT Á X-INU 97'7 Á LAUGARDÖGUM FRÁ14 – 17. GILLZENEGGER SEGIR ÞETTA STRAUMHVÖRF Í ÍSLENSKU ÚTVARPI OG VONAST TIL AÐ GETA VERIÐ MEÐ LAZER SHOW Á LAUGARDAGINN.**

LÆTUR MENN HEYRA ÞAÐ! GILLZENEGGER MUN LÁTA MENN HEYRA ÞAÐ Á X-INU 97'7.



„Þetta verður rosalegt. Við munum reyna að búa til hágæðaútvarp alla laugardaga,“ segir Gillzenegger, aðalmaðurinn í þættinum. Hann mun sitja laugardagsvaktina ásamt þeim Partí-Hjálmari og Hjöbba Ká á milli 14 og 17 á X-inu 97'7.

„Það verður bryddað upp á ýmsum nýjungum. Ef menn gera eitthvað gott eða skíta á sig þá er þeim boðið til okkar og pungurinn á þeim vigtaður. Þá verða viðtöl við þjóðþekkta einstaklinga í bland við símtöl til útlanda að ógleymdu stera lagi Partý-Hjálmars,“ segir stóri G.

*Nú voruð þið félagarnir með Lazer Show í þættinum ykkar á einhverrri annari útvarpsstöð, mega hlustendur eiga von á slíkri snilld á X-inu.* „Ég vonast til að vera með Lazer Show núna á laugardaginn. Það er reyndar á leiðinni frá Hollandi en ég geri mér vonir um að það verði komið,“ segir Gillzenegger borubrattur.

*En eruð þið hættir í sjónvarpinu?* „Nei svo sannarlega ekki. Lögfræðingar okkar eru að fara yfir málin þessa dagana og vonandi kemur eitthvað út úr því.“

útvarp X 97·7

## X-LISTINN TOPP 20

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|---|---|---|
| 1. | Coheed and Cambria | Welcome Home |
| 2. | Red Hot Chili Peppers | Dani California |
| 3. | Tony The Pony | Army Of The Sun |
| 4. | Angels And Airwaves | The Adventure |
| 5. | Snow Patrol | You're All I Have |
| 6. | Mammút | Þorkell |
| 7. | Tool | Vicarious |
| 8. | Wolfmother | Woman |
| 9. | Dr. Mister & Mr. Handsome | Is It Love |
| 10. | A.F.I. | Miss Murder |
| 11. | Coldplay | Hardest Part |
| 12. | Benny Crespos Gang | Shine |
| 13. | Blue October | Hate Me |
| 14. | Panic! At The Disco | The Only Difference |
| 15. | Korn | Coming Undone |
| 16. | Jakobínarína | His Lyrics Are Disastrous |
| 17. | Fræ | Dramatísk Rómantík |
| 18. | Wulfgang | Life And Habits |
| 19. | Strokes | You Only Live Once |
| 20. | Radio 4 | Enemies Like This |

HINIR RAUÐU OG HEITU ÞURFTU AÐ VÍKJA ÚR TOPPSÆTINU.



FM957

## ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|---|---|---|
| 1. | Nylon | Losing A Friend |
| 2. | Gnarls Barkley | Crazy |
| 3. | Fall Out Boy | Dance Dance |
| 4. | Shakira Ft. Wyclef | Hips Dont Lie |
| 5. | Nickelback | Savin Me |
| 6. | Black Eyed Peas | Gone Going |
| 7. | Fort Minor | Where'd You Go |
| 8. | Lucas Prada | And She Said |
| 9. | Jack Johnson | Gone Going |
| 10. | Teddy Geiger | For You I Will |
| 11. | Drifskaft | 17 Years |
| 12. | Girl Next Door | Savin Jane |
| 13. | Á Móti Sól | Hvar Sem Ég Fer |
| 14. | Nick Lachey | Whats Left Of Me |
| 15. | Kelly Clarkson | Walk Away |
| 16. | Jeff Who? | Barfly |
| 17. | Snorri Snorrason | Allt Sem Ég Á |
| 18. | Pussycat Dolls | Beep |
| 19. | Beverly Knight | Piece Of My Heart |
| 20. | Nelly Furtado | Promiscuous |

NYLON HEFUR KOMIÐ SÉR VEL FYRIR Í FYRSTA SÆTI MEÐ LAGIÐ LOOSING A FRIEND.



# Sódóma Reykjavík

**SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINNI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.**

## SKEMMTISTAÐIR

### FÖSTUDAGURINN 2. JÚNÍ

**KAFFI VICTOR**

Kaffið hjá Victori er alltaf sjóðandi heitt og það verður helgin líka. Hljómsveitin Nó Pí dettur í gang um ellefu í kvöld og spilar alveg til eitt. Þar á eftir er það enginn annar en Þrössi þrjátíu þúsund mínus 27 þúsund sem klárar nóttina enda er maðurinn Einar Bollason plötusnúðanna.

**KLÚBBURINN**

Kallarnir mæta á Klúbbinn í kvöld, en þar verður haldið Karlakvöld. Póker, pílur og pool. Tilboð á barnum og fjör. Stemmarinn verður eins og í Sopranos-þætti. Eftir miðnætti mega svo kerlingarnar kíkja inn og þá verður eflaust kátt í höllinni. Kostar ekki nema 500 kall inn frá sex til miðnættis og eftir það 1000 kall.

**KRINGLUKRÁIN**

Það verður dansað á rósum með Dans á rósum frá Vestmannaeyjum á Kringlukránni í kvöld. Dansaðir verða skottís, salsa, jenga, rúmba, og fleiri dansar. Eins og flestir vita þá er Dans á Rósum frá Vestmannaeyjum og er því von á að einhverjir lundar mæti á svæðið og sprangi í stelpunum. Dansinn byrjar klukkan 23.




**PRAVDA**

Já það er rétt sem þú heyrðir get on a plane og hringdu í John Wayne, því Áki Pain verður on the wall of fame á Pravdabarnum í kvöld. Ákinn er svaðalegur nagli sem kallar ekki allt ömmu sína þegar kemur að því að snúa skífum. Húsið opnar klukkan 22 og það lokar einhvern tíma þegar sólin rís.

**PRIKIÐ**

Fólk verður með sítt að aftan á Prikinu í kvöld og heyrst hefur að munntóbakið verði á sérstöku tilboðsverði. Grilli G stundum þekktur sem Mabe en oftast sem Gísli Galdur sér um dansinn og með honum verður trommarinn Addi sem lemur húðirnar eins fast og hann getur.

**HVERFISBARINN**

Var þetta bíll, var þetta blaka, var þetta kaka, eða var þetta söngvari Stjörnukisa Úlfur Chaka? Nei þetta er enginn nema Dj Bjarki Batman sem snýr plötum á Hvebbanum í kvöld. Það eru alltaf allir í stuði þegar Bjarkinn dettur inn.

**VEGAMÓT**

Vegir liggja til allra átta en flestir þeirra leiða á endanum að Vegamótum. Kaldur bjór, sætar stelpur og funheitir folar. Foringi tónlistarinnar í kvöld er enginn annar en DJ Kári sjálfur, sem er þekktur fyrir villta, þó agaða og aldrei bjagaða sveiflu á spilurunum.

**NASA**

Það verður svakaleg fönkveisla á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll í kvöld. Það eru fönksmiðir þjóðarinnar Jagúar sem sjá um fjörið en fönklingarnir í Norton sjá um að hita upp. Einhver plötusnúður verður milli atriði, en hver hann er mun koma á óvart. Húsið opnar á miðnætti og kostar 1000 krónur inn.

**THORVALDSEN**

Jæja vinur, það er Dj Hlynur sem snýr skífum á Thorvaldsen í kvöld. Dj Hlynnsi er öllum hnútum kunnugur í plötusnúðastarfinu og hefur þeytt með þeim allra bestu, það er víst. Þeir sem hafa dansþorstann ættu því að detta inn á Thorvaldsen í kvöld.

**SÓLON**

Viti menn það er enginn annar en Rikki G Fm-snáði sem kemur gólfinu á hreyfingu í kvöld. Rikksterinn er allvanur og hefur verið í bransanum eins lengi og allar kempurnar, þó að hann sé ungur. Ótrúlegt alveg.

**BAR 11**

Matthías partíkall verður á Barnum númer ellefu í kvöld. Matti er þekktastur fyrir störf sín á XFM en ekki margir vita að þessu ljúfi drengur verður að partídýri um helgar. Einn sá besti í bransanum, það er alveg stjörnuklárt.

### LAUGARDAGURINN 3. JÚNÍ



**PRIKIÐ**

Það eru skötuhjúin Óli Hjörtur og Anna Brá sem sjá um spilerííð á Prikinu í kvöld. Anna og Óli einskorða sig ekki við einhverja eina ákveðna tónlistarstefnu heldur spila þau allt sem þeim dettur í hug. Meira að segja grínlög. Fjörið er alltaf í kringum Dj Gay Thug og Lesbian Lover. Eintómt fjör.



**NASA**

Reggísnúðarnir í Hjálmum eru mættir aftur eftir langt frí og halda tónleika á skemmtistaðnum Nasa sem er staðsettur við Austurvöll. Hjálmar hafa ekki spilað lengi fyrir almenning en þeir ákváðu að taka sér frí eftir jólatörnina. Gaman að sjá gott reggí með rísandi sól. Húsið opnar klukkan 23 og kostar aðeins 500 krónur inn.



**HVERFISBARINN**

Það er Dj. S.T.E.F sem sér um fönkið á Hvebbanum(nebbanum) á laugardagskvöldið. Þetta er litli maðurinn með stóra hjartað og stóra afróið og væntanlega vita allir að hann er með stærra typpi en flestir, eins og nafnið gefur til kynna.

**JÓMFRÚIN**

Nú hefst hin árvissa djasssumartónleikaröð veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu. Á fyrstu tónleikum sumarsins leikur kvartett víbrófónleikarans Árna Scheving og gítarleikarans Jóns Páls Bjarnasonar, en þeir eru í hópi framvarða elstu starfandi kynslóðar íslenskra djassmanna. Auk þeirra eru í kvartettinum Tómas R. Einarsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Tónleikarnir hefjast kl. 16 og standa til kl. 18. Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu ef veður leyfir, en annars inni á Jómfrúnni. Aðgangur er ókeypis.

**BAR 11**

Smellum þessum kellingum inná Bar 11 eins og sagt var í gamla daga. Það er alveg pottþétt að þar verður fjörið á laugardaginn. Dj Palli í Maus tekur nóttina að sér og ætlar að tendra í græjunum og fá gólfið á hreyfingu.

**CAFÉ VICTOR**

Þrössi þrjú núll dustar rykið af dansskónum í kvöld eins og fyrri daginn og tekur hásæti sitt við plötuspilarana. Þrössinn er einn sá allra flottasti í bransanum og ætlar hann ekki að hætta að þeyta fyrr en á mánudaginn, þar sem hann gefur grimman á sunnudagskvöldinu líka.

**KRINGLUKRÁIN**

Það verður dansað á rósum með Dans á rósum frá Vestmannaeyjum á Kringlukránni í kvöld. Dansaðir verða skottís, salsa, jenga, rúmba, og fleiri dansar. Eins og flestir vita þá eru Dans á Rósum frá Vestmannaeyjum og er því von á að einhverjir lundar mæti á svæðið og sprangi í stelpunum. Dansinn byrjar klukkan 23.

**PRAVDA**

Dj Snáki pain verður á Pravvanum í kvella. Maður sem er svo rosalegur að klúbbar víða um heim hafa reynt að næla í hann. Með honum á laugardaginn verður þó fógetinn sjálfur, meistari mánans Dj Atli skemmtanalögga. Ekkert nema stemming.

**SÓLON**

Viti menn það er enginn annar en Rikki G Fm snáði sem kemur gólfinu á hreyfingu á laugardagskvöldið. Rikksterinn er allvanur og hefur verið í bransanum eins lengi og allar kempurnar, þó að hann sé ungur. Ótrúlegt alveg. Með honum í kvöld er eilífðarstuðpinninn Jón Sindri.

**THORVALDSEN**

Jæja vinur, það er Dj Hlynur sem snýr skífum á Thorvaldsen í kvöld. Dj Hlynnsi er öllum hnútum kunnugur í plötusnúðastarfinu og hefur þeytt með þeim allra bestu, það er víst. Þeir sem hafa dansþorstann ættu því að detta inn á Thorvaldsen í kvöld.

### LANDSBYGGÐIN



**VALHÖLL Á ESKIFIRÐI**

Það eru pinnarnir í Í svörtum fötum sem sjá um allt fjörið á Eskifirði í kvöld en þeir halda heljarinnar ball á Valhöll. Það verður ekkert nema dans og gleði. Hvað skeði, þú manst það eflaust ekki morguninn eftir. Allir út á gólf sem vilja fá koss.

**PLAYERS**

Players í Kópavogi er staðurinn og þú veist að ég er maðurinn var einu sinni sagt. Vatnaður Dan verður á barnum á laugardagskvöldið, en þeir sem verða á sviðinu eru engir aðrir en kóparnir í Í svörtum fötum. Það verður farið alla leið í fjörinu og nokkur skref til viðbótar. Snilld.

# Sódóma Reykjavík

**SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINNI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.**

# LISTASÝNINGAR

### 101 GALLERÍ
Steingrímur Eyfjörð er með sýninguna Bein í skriðu og stendur hún yfir til 3. júní. Síðustu forvöð góðir hálsar.

### CLASSIC ROCK
Myndlistarsýningin „Slettur“ á veggjum staðarins.

### ENERGÍA
Sandra María Sigurðardóttir heldur málverkasýninguna Moments og mun hún standa yfir til 30. júní. Viðfangsefnið er manneskjan.



### HRAFNISTA Í HAFNARIRÐI
Eiríkur Smith sýnir í Menningarsal á Hrafnistu í Hafnarfirði til 12. júní, en eins og allir vita er Eríkur einn ástsælasti listmálari landsins.

### GALLERÍ FOLD
Málverkasýning Braga Ásgeirssonar í Baksalnum og báðum hliðarsölum Gallerí Foldar við Rauðarárstíg. Sýningin er sett upp í tilefni af 75 ára afmæli listamannsins og mun standa yfir til 11. júní.

### GALLERÍ SÆVARS KARLS
Graeme Finn sýnir 300 teikningar, sem mynda innsetningu í galleríinu.

### KARÓLÍNA RESTAURANT
Joris Rademaker sýnir ný verk. Sýningin kallast Mjúkar línur.

### KETILSHÚSIÐ LISTAGILI
Soffía Sæmundsdóttir sýnir málverk á tré, striga og pappír. Sýningunni lýkur á sunnudag.

### LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS LAUGARNESI
1. og 2. árs nemendur LHÍ sýna afrakstur námskeiðsins Textíll og samtíminn undir leiðsögn Guðrúnar Gunnarsdóttur.

### LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR
Fastasýning, Í safninu eru seldar gifsafsteypur af frumverkum listamannsins. Einnig eru til sölu bækur um listamanninn, kort af verkum hans ásamt veggspjöldum af tveim ur málverka hans.

### LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
Spencer Tunick – Bersvæði og Halla Gunnarsdóttir – Svefnfarar.

### LISTASAFN ÍSLANDS
Gunnlaugur Blöndal – Lífsnautn og ljóðræn ásýnd og Snorri Arinbjarnar – Máttur litarins og spegill tímans.

### LISTASAFN REYKJANESBÆJAR
Sýningin Í EYGSJÓN? Sex færeyskir málarar.

### LISTASAFN REYKJAVÍKUR, ÁSMUNDARSAFN
Ásmundur Sveinsson – Maður og efni. Sýning á úrvali verka úr safneign Ásmundarsafns.

### LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR
Sýning sem sett er upp fyrir unga listunnendur í tengslum við útgáfu nýrrar bókar Eddu útgáfu. Einnig eru sýndar á safninu innsetningar eftir Joseph Kosuth og Ilja & Emiliu Kabakov sem eru fremstu konseptlistamenn heimsins í dag.

### REYKJAVÍKURBORG
Stella Sigurgeirsdóttir sýnir 20 minningarstólpa til 28. ágúst.

### GALLERÍ HUMAR EÐA FRÆGÐ!
Sýning með hljóðtengdum myndverkum í tilefni Fjölljóðahátíðar. Finnbogi Pétursson, Haraldur Jónsson, Steingrímur Eyfjörð, Kira Kira, Ólafur J. Engilbertsson og listanemar við LHÍ sýna bókverk.

### CAFÉ KARÓLÍNA
Gunnar Kristjánsson sýnir málverk, teikningar og prjónaskap þar sem sigurlið heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu 2006 er kynnt.



### NÆSTI BAR
Undanfarin ár hefur Snorri Ásmundsson þróað með sér andlega tækni í málaralist, verk hans eru talin hafa lækningarmátt svo ekki missa af sýningunni og kannski hættir hausverkurinn.

### AFMÆLISSÝNING LJÓSMYNDASAFNS REYKJAVÍKUR
Í tilefni af 25 ára afmæli Ljósmyndasafns Reykjavíkur færir safnið ljósmyndaeign sína nær íbúum og gestum borgarinnar. Á útisýningu á Austurvelli, Lækjartorgi og í Fógetagarði gefst áhorfendum kostur á að kanna þetta svæði í gegnum ljósmyndir frá liðinni öld og bera mannlíf og borgarmynd fortíðarinnar saman við Reykjavík dagsins í dag.

### THORVALDSEN BAR
Marinó Thorlacius með ljósmyndasýninguna „Dreams“. Ljósmyndir hans eru alveg sér á báti og hafa þær vakið mikla athygli bæði hérlendis og erlendis. Sýningin stendur yfir þessa helgi og næstu svo það er um að gera að drífa sig.

### NÝLISTASAFNIÐ
Sýningin „Gæðingarnir“ með undirtitlinum „In order of appearance“ verður haldin í Nýlistasafninu 14. maí til 10. júní. Meðal verkanna á sýningunni eru kvikmyndir, verk gerð sérstaklega fyrir þessa sýningu, verk sem voru gerð í kjölfar heimsóknar listamannanna til Íslands 2005 og önnur verk sem voru sérstaklega valin með Ísland í huga.

### SAFN
Verk eftir listakonurnar Karin Sander & Ceal Floyer verða í Safni. Sýningarnar eru opnar til 2. júlí. Auk verka eftir listakonurnar tvær verða sýnd verk úr safneigninni.

### ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
Ljósmyndir Rob Hornstra eru afrakstur af ferðum hans um Ísland og veita sýn á Íslandi nútímans og vitna um samfélagsbreytingar síðustu ára. Rjúpnaskyttur hjálpuðu Bryndísi Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson að skapa listaverk. Sýningin stendur til 11. júní.

# HELGIN HJÁ MERKJUNUM

**Steingeit (22. des.–19. jan.)**
Sumarið er svo sannarlega búið að lauma sér inn í þig, steingeitin er komin í sumarskap. Hlustaðu vel á ráðleggingar um fjármál, þau ráð munu koma sér vel fyrir þig í framtíðinni. Taktu þér tíma til að hugsa, farðu í bíltúr eða göngutúr og farðu vel yfir þín mál. Þú verður að sjá heildarmyndina, annars mun eitthvert visst mál koma sér illa fyrir þig.

**Vatnsberinn (20. jan.–18. feb.)**
Þú hefur allt í hendi þér, ekki eyðileggja það með því að vera of gagnrýninn á sjálfan þig. Njóttu lífsins og ekki einblína á smáatriðin, þau skipta jú máli en stundum má alveg gleyma sér. Gaumgæfðu peningamálin betur og mettu verðmæti á öllum stigum

**Fiskarnir (19. feb.–20. mars)**
Þér gengur vel í vinnunni og færð verðskuldað hrós. Rómantíkin blómstrar þessa dagana, annað hvort með núverandi elskhuga eða í nýju sambandi. Mundu að draumlyndi fisksins veldur oft vonbrigðum í lífinu og oft gott að tileinka sér raunsærri lífssýn á ýmsum sviðum.

**Hrútur (21. mars–19. apríl)**
Þú átt erfitt með að fara leynt með tilfinningar þínar, enda ekki þinn stíll. Hugsaðu betur um heilsuna, hvíldu þig vel og ekki gleyma að borða. Daður og rómantík er í hápunkti um helgina.

**Nautið (20. apríl–20. maí)**
Vertu hreinskilinn við elskuna þína eða ástvin og ekki vera hrædd við að tala um tilfinningar þína. Ef þú gerir það ekki muntu sjá eftir því. Þú ert uppfullur af góðum ráðum og endalausri ást, nýttu þessa jákvæðu orku yfir helgina.

**Tvíburarnir (21. maí–21. júní)**
Gakktu hægt um gleðinnar dyr og ekki vera fljótfær. Það er oft gott að vera með skjót viðbrögð en þú skalt vera var um þig um helgina. Eitt er víst að rómantíkin svífur yfir um helgina og ef þú ert í sambandi mun það styrkjast.

**Krabbi (21. júní–22. júlí)**
Haltu vel um veskið þessa dagana og ekki eyða peningunum í vitleysu um helgina því það mun koma í bakið á þér. Þú getur grætt á tá og fingri ef þú ferð að öllu með gát. Tækifærin eru allt um kring. Það eina sem þú þarft að gera er að rannsaka svolítið. Mundu að eyða tímanum með ástvinum, sá tími er ómótstæðilegur.

**Ljónið (23. júlí–22. ágúst)**
Taktu ráðleggingar sem þér berast til greina og mundu að hvíla þig. Það er nauðsynlegt að taka sér smá tíma fyrir sjálfan sig og hlusta á líkamann. Þú ert hamingjusamur, þú hefur ákveðið það og þannig verður það.

**Meyjan (23. ágúst–22. sept)**
Settu þér takmark og fylgdu því eftir. Ekki gleyma þér á miðri leið heldur komdu einhverju í verk. Hlustaðu á þína innri rödd um helgina því þú veist hvað þú ert að segja, það er bara þannig og það er bara svo einfalt.

**Vogin (23. sept–23. okt)**
Þegar þú ætlar að klára eitthvað þá gerir þú það með pompi og prakt. Hafðu það hugfast um helgina og mundu að þú gerir allt með stæl ef þú bara vilt það. Þú mátt samt ekki gleyma því að hafa gaman af hlutunum því þú veist að stundum er hægt að gera tvennt í einu. Ekki gleyma að stunda líkamsrækt, útivist eða gera eitthvað annað fyrir líkama og sál, þú átt það til að gleyma því.

**Sporðdreki (24. okt–21. nóv)**
Ósk þín mun bráðlega verða að raunveruleika og þú munt kynnast nýju fólki í leiðinni. Hafðu það hugfast að gefa ekki allt upp strax, oft er gott að vera svolítið dularfullur. Íhugaðu málin vandlega og taktu síðan ákvörðun.

**Bogmaður (22. nóv–21. des)**
Það gengur á ýmsu þessa dagana. Láttu nú hjartað ráða förinni og kannaðu málin til hlítar, þú munt ekki sjá eftir neinu. Vertu við stjórnvölinn um helgina og stattu með skoðunum þínum.

Sodoma Reykjavík

# LEIKHÚS

## FÖSTUDAGURINN 2. JÚNÍ



### RITSKOÐARINN

Í gær hófust sýningar á Ritskoðaranum og því er um að gera á líta á ferskt og flott leikrit. Ritskoðarinn er eftir Anthony Nielson, þann sama og gerði verkið Penetrator sem sýnt var hér á landi síðasta sumar og vakti mikla athygli. Ritskoðarinn tekur á viðkvæmum málum á óvæginn hátt. Sýningar fara fram í húsnæði Sjóminjasafnsins í Reykjavík, Grandagarði 8.

### GALDRASTYTTAN – DER FREISHCÜTZ

Galdrastyttan –Der Freischütz er frumsýnd í kvöld með pompi og prakt. Þetta er samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.



### FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Drepfyndinn og rómantískur farsi um brúðkaupsdag sem fer á annan endann. Vinsælasta sýning Leikfélags Akureyrar frá upphafi er nú komin í Borgarleikhúsið.

Fullkomið brúðkaup er frábærlega skrifaður gamanleikur, hraður, fullur af misskilningi, framhjáhöldum og ást.

### ÞURÍÐUR OG KAMBSRÁNIÐ

Þuríður og Kambsránið er athyglisverð sýning áhugaleiksýning ársins hjá Leikfélagi Selfoss, eitthvað sem enginn á að láta fram hjá sér fara því hér eru leikarar að leika snilldarleik.

### FAGNAÐUR

Harold Pinter, eitt frægasta leikskáld samtímans, hlaut nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 2005. Þjóðleikhúsið sýnir nýjasta leikrit hans, Fagnað, sem hlaut þá umsögn gagnrýnanda þegar það var frumflutt í London árið 2000 að það væri fyndnasta og aðgengilegasta verk skáldsins í mörg ár.

### VILTU FINNA MILJÓN

Ingibjörg er í miðjum klíðum við að undirbúa afmælisboð mannsins síns, hins ljúfa endurskoðanda Haralds. Það er von á gestunum á hverri stundu og Ingibjörg er á nálum vegna þess að Haraldur er seinn. Þegar Haraldur kemur loks heim er hann breyttur maður. Hann hefur í misgripum tekið ranga tösku á pósthúsinu og innihaldið getur breytt lífi hans á svipstundu.

## LAUGARDAGURINN 3. JÚNÍ

### LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur rokksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara meðal annars Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdótir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

### FAGNAÐUR

Harold Pinter, eitt frægasta leikskáld samtímans, hlaut nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 2005. Þjóðleikhúsið sýnir nýjasta leikrit hans, Fagnað, sem hlaut þá umsögn gagnrýnanda þegar það var frumflutt í London árið 2000 að það væri fyndnasta og aðgengilegasta verk skáldsins í mörg ár.

### RITSKOÐARINN

Ritskoðarinn er ferskt og flott leikrit. Ritskoðarinn er eftir Anthony Nielson, þann sama og gerði verkið Penetrator sem var sýnt hér á landi síðasta sumar og vakti mikla athygli. Ritskoðarinn tekur á viðkvæmum málum á óvæginn hátt. Sýningar fara fram í húsnæði Sjóminjasafnsins í Reykjavík, Grandagarði 8.

## SUNNUDAGURINN 4. JÚNÍ

### UMBREYTING – LJÓÐ Á HREYFINGU

Smásögur og hugleiðingar sem aðeins brúður geta tjáð á sinn einfalda og áleitna hátt. Sögur án orða sem lýsa léttvægum og gamansömum aðstæðum hvunndagsins en kafa um leið í djúp mannssálarinnar.

### FAGNAÐUR

Harold Pinter, eitt frægasta leikskáld samtímans, hlaut nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 2005. Þjóðleikhúsið sýnir nýjasta leikrit hans, Fagnað, sem hlaut þá umsögn gagnrýnanda þegar það var frumflutt í London árið 2000 að það væri fyndnasta og aðgengilegasta verk skáldsins í mörg ár.



### LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur rokksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara meðal annars Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdótir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

### RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Hið eina sanna verk sem situr eftir svo árum skiptir, þú gleymir seint Ronju og öllum hennar uppátækjum. Sýningin hefst klukkan 14:00 í Borgarleikhúsinu.

### FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Drepfyndinn og rómantískur farsi um brúðkaupsdag sem fer á annan endann. Vinsælasta sýning Leikfélags Akureyrar frá upphafi er nú komin í Borgarleikhúsið.

Fullkomið brúðkaup er frábærlega skrifaður gamanleikur, hraður, fullur af misskilningi, framhjáhöldum og ást.

### NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR

Barnasýning sem er samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins og er sett upp á Litla sviðinu. Verkið er byggt á fjölmörgum þekktum og minna þekktum íslenskum þjóðsögum þar sem mætast tröll, draugar, huldufólk og þorparar. Meðal sagna verksins eru Gilitrutt, Bakkabræður og Búkolla. Leikendur eru Birgitta Birgisdóttir, Dóra Jóhannesdóttir, Halldóra Malín Pétursdóttir, Jörundur Ragnarsson, Magnea Björk Valdimarsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Víðir Guðmundsson. Leikstjórn er í höndum Ágústu Skúladóttur.



### HLÁTURHÁTÍÐ

Hláturnámskeið þar sem Ásta og Kristján munu hjálpa okkur að hlæja og kenna okkur hláturjóga af mikilli snilld. Hver kemur ekki hlæjandi þaðan?

## ÞRIÐJUDAGURINN 6. JÚNÍ

### FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Drepfyndinn og rómantískur farsi um brúðkaupsdag sem fer á annan endann. Vinsælasta sýning Leikfélags Akureyrar frá upphafi er nú komin í Borgarleikhúsið.

Fullkomið brúðkaup er frábærlega skrifaður gamanleikur, hraður, fullur af misskilningi, framhjáhöldum og ást.

## MIÐVIKUDAGURINN 7. JÚNÍ

### LEIKHÚSKJALLARINN

Jassklúbburinn Múlinn. You gotta pay the band. Gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu og skemmtu þér það sem eftir er.

## FIMMTUDAGURINN 8. JÚNÍ

### LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur rokksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara meðal annars Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdótir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

### NAGLINN

Borgarleikhúsinu er síðasta sýning á verkinu Naglinn eftir Jón Gnarr. Ekki missa af þessari snilld.

### 25 TÍMAR-DANSLEIKHÚSSAMKEPPNI 2006

25 tímar er sýning sem flestir eiga að sjá, þetta eru 9 verk sem verða frumsýnd og keppa til verðlauna.

### VILTU FINNA MILJÓN

Ingibjörg er í miðjum klíðum við að undirbúa afmælisboð mannsins síns, hins ljúfa endurskoðanda Haralds. Það er von á gestunum á hverri stundu og Ingibjörg er á nálum vegna þess að Haraldur er seinn. Þegar Haraldur kemur loks heim er hann breyttur maður. Hann hefur í misgripum tekið ranga tösku á pósthúsinu og innihaldið getur breytt lífi hans á svipstundu.

### GALDRASTYTTAN – DER FREISCHÜTZ

Galdrastyttan – Der Freischütz er samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfoníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

### FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Drepfyndinn og rómantískur farsi um brúðkaupsdag sem fer á annan endann. Vinsælasta sýning Leikfélags Akureyrar frá upphafi er nú komin í Borgarleikhúsið.

Fullkomið brúðkaup er frábærlega skrifaður gamanleikur, hraður, fullur af misskilningi, framhjáhöldum og ást.

# ÞÚ ÞARFT EKKI AÐ VERA STÓR TIL AÐ BJARGA HEIMINUM!

9. hver vinnur!




## Sendu SMS skeytið BTC LKS á 1900.

Þú gætir unnið!

Aðalvinningur er

## DVD spilari og litli kjúllinn á DVD

Aukavinningar eru: Litli Kjúllinn á DVD • Pepsi kippur
Fullt af öðrum DVD myndum og margt fleira

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið. Þú fær 5.mín til að svara spurningu.



ÖXULLINN. ÞESSI ÖXULL VEGUR 120 KÍLÓ OG HONUM EIGA MENN AÐ LYFTA UPP EINS OFT OG ÞEIR GETA. MAGNÚS VER FER LÉTT MEÐ ÞETTA.

Sirkusmynd – Stefán

# ÞESSIR ALLRA STERKUSTU Í SMÁRALIND

**ÞAÐ VERÐUR MIKIÐ UM AFL Í VETRARGARÐINUM Í SMÁRALIND Á MORGUN ÞEGAR IFSA ÍSLAND KRAFTAKEPPNIN FER FRAM.**

„Þessir allra sterkustu verða mættir þarna til að taka þátt," segir Magnús Ver Magnússon kraftajötunn. Á laugardaginn verður mótið Sterkasti maður Íslands haldið í Vetrargarðinum í Smáralind og hefst það klukkan þrettán. Magnús lofar hörkukeppni.

### GRJÓTHARÐAR KEPPNISGREINAR

Mótið sem um ræðir er á vegum IFSA Ísland og keppir sigurvegari mótsins á heimsmeistaramóti IFSA Strongman. „Þeir eru með þessa allra bestu á sínum snærum. Þetta er hluti af því að búa strákana undir það sem er að gerast erlendis," segir Magnús. Hellingur af nýjum þrautum verður í keppninni og hafa þeir félagar unnið baki brotnu við að smíða ný tæki að undanförnu. Meðal greinanna sem eru í mótinu eru Uxaganga, Apollon-öxull, Conan's wheel – mylluganga, Herkúlesarhald, réttstöðulyfta með bíl og steinatökin alræmdu. Grjótharðar greinar allar með tölu eins og nöfnin gefa til kynna.

### 180 KG STEINN Í FYRSTA SINN

„Við verðum með 180 kg stein sem hefur aldrei verið notaður áður," segir Magnús ákafur. Steini þessum á að lyfta upp á 120 sentimetra háan pall. „Þetta eru sambærilegar hæðir og eru í gangi þarna úti. Það þýðir ekki að vera með endalaus pollamót eins og Hjalti [Úrsus]," segir Magnús og hlær dátt.

### SKORAÐ Á BORIS

Meðal keppenda í mótinu eru fallbyssur á borð við Benedikt Magnússon, Georg Ögmundsson, Stefán Sölva Pétursson, Jón Valgeir Williams, Guðmund Otra Sigurðsson, Sigfús Fossdal, Arnar Má Jónsson og fleiri gallharða einstaklingar. Magnús sjálfur situr hjá en hann er enn að glíma við meiðsli sem hann hlaut á hné á síðasta ári. „Svo erum við búnir að skora á Boris. Hann er búinn að vera að vinna þessi pollamót hjá Hjalta. Ef menn segjast vera sterkastir þá er eins gott að þeir komi og standi undir því," segir Magnús. Það verður því fróðlegt að sjá hvort Boris skorist undan eða taki áskoruninni. ***soli@minnsirkus.is***

# PARTÍFRAMKOMA Í SUMAR

Núna þarf ég að fara yfir gríðarlega mikilvægan hlut. Ég mæli með því að þið klippið þessa grein úr blaðinu og hengið hana upp á vegginn fyrir framan klósettið heima hjá ykkur svo þið lesið hana í hvert einasta skipti sem þið hægið ykkur. Málið er bara það að það skiptir engu máli hvað þú tekur í bekk, hversu brúnn þú ert, hversu skothelda hárgreiðslu þú ert með og hversu stinnan rass ef að þú kannt ekki að haga þér. Ef að þú kemur í partí með lúkkið á hreinu í Dolce & Gabbana-skyrtunni en hagar þér eins og rasshaus þá geturðu bara alveg eins verið heima hjá þér. Þá endarðu bara á að þurfa að rífa í jónsson aleinn í kompunni þinni með hommaklám í sjónvarpinu.



Ástæðan fyrir því að ég kem með partíframkomuna núna er einfaldlega vegna þess að núna er að koma sumar og þunglyndisveturinn búinn. Þótt það gerist reyndar af og til að Siggi Stormur skíti á sig og splæsi í haglél í JÚNÍ! Það er vísindalega sannað að fólk lyftir sér oftar upp á sumrin en á veturna.

Ég bara þoli ekki þegar ég er í skotheldu partíi og síðan kemur einhver rasshaus í partíið sem heldur að hann sé fyndinn en er það ekki og endar á því að verða leiðinlegi PartíTrúðurinn. Það er mjög þunn lína á milli þess að vera PartíKóngurinn og PartíTrúðurinn. PartíTrúðurinn byrjar vanalega á því að mæta strax mjög hávær og segja einn „skotheldan" brandara. Aldrei segja brandara! Það er ekkert pínlegra en að þurfa að hlusta á einhvern rauðhærðan gæja segja einhvern helvítis brandara. Það skiptir engu hvort hann sé góður eða ekki, þú færð ekki poon ef þú segir brandara. Ef að það virkaði þannig þá væri Fretvindur Karlsson með hann harðan allan sólarhringinn.



Grundvallarregla númer eitt þegar mæta á í partí er að mæta aldrei fyrstur. Gæinn sem mætir fyrstur er yfirleitt nörd með illa snyrtan jónsson. Munið bara að það er betra að vera seinn og flottur en fljótur og ljótur. Ef að það er sagt að það sé mæting klukkan 20 þá mætið þið í fyrsta lagi klukkan 21.45 og þá er ég að tala um í fyrsta lagi! Þú dinglar aldrei eða bankar þegar þú ferð í partí, haldið þið að Brad Pitt dingli á bjöllur? Þú opnar bara hurðina og röltir inn eða sparkar hurðinni af hjörunum, það er hins vegar optional. Innkoman er númer eitt, tvö og þrjú. Ásgeir Kolbeins félagi minn sagði mér að kellingar ákvæðu á fyrstu 5 sekúndunum hvort þær vilji girða niðrum þig eða ekki. Þannig að innkoma þín inn í stofuna þar sem að allar flottu kellingarnar eru verður að vera rosaleg. Segjum sem svo að þú hafir valið option B og sparkað hurðinni af hjörunum, þá röltirðu í slow motion með vindil í munninum í átt að stofunni án þess að segja eitt orð. Þá kemur væntanlega móðursjúkur íbúðareigandinn í áttina til þín í þeim tilgangi að eyðileggja innkomuna þína og röfla yfir hurðinni sem þú eyðilagðir. Án þess að yrða á hann þá snýrðu honum við, beygir hann niður, girðir niðrum hann, tekur í nærbuxurnar hans og dregur þær upp fyrir hausinn á honum og fyrir augun á honum. Síðan röltirðu með hann rólega að svölunum og hendir honum þar niður. Þú gengur síðan rólega inn í stofu, tekur vindilinn úr munninum og segir við flottustu stelpuna í sófanum: „Gotta light?"



Þarna geturðu garanterað það að fá poon. Að labba inn hlæjandi og öskrandi og segja brandara er ekki málið. Hversu oft hafið þið heyrt þessa setningu: „Heyrðu ég var á Ólíver í gær og síðan kom Bjarni töframaður inn og hann gekk að tveimur fáránlega heitum ljóskum, sagði þeim einn, tvo brandara og síðan fór hann með þeim báðum heim og gaf þeim granítstífan!" Þið hafið aldrei heyrt þetta og munið aldrei heyra þetta, kapísh!



Ef að við förum eftir formúlunni hans Ásgeirs Kolbeins: Myndarlegur+kellingar/innkoma + 5 sekúndur = kynferðismök, hver er þá tilgangurinn að vera að hanga í sama partíinu allt kvöldið? Þú kemur með skothelda innkomu, verður sexí, finnur þér poon, tekur í höndina á aðdáendum og síðan ertu farinn í næsta partí. Það er bara vitleysa að hanga í sama partíinu allt kvöldið, ég get lofað ykkur því að Kolb veit alveg hvað hann syngur, meðan þið voruð í Lego þá var hann í partíum að gefa konum það.

Þó svo að innkoma ykkar hafi verið skotheld þá er ennþá möguleiki fyrir ykkur að klúðra málunum. Umræðuefni skipta mjög miklu máli. Prinsessurnar hafa engan áhuga á því að heyra það að Land Cruiserinn þinn sé á spinner-felgum eða að þú hafir verið að fá kauphækkun í síðasta mánuði. Það sem er STRANGLEGA bannað að tala um í partíum er eftirfarandi: Jarðýtur, jeppabreytingar, krossara, púströr, heimalærdóm, pólitík og gröfur. Ég er ekkert sérstaklega hrifinn af því að þið séuð að tala um lyftingar á djamminu en ef að þið eruð hins vegar spurðir spurninga eins og: „Shit þetta eru gegt impressive upphandleggir hjá þér dreng, ka geriru eila til að fá sona ýkt gegt stóra bæseppa dreng?" Þá máttu segja bísep-prógrammið þitt en vertu SNÖGGUR að því!



Ekki klæða ykkur síðan eins og hálfvitar í sumar. Það eiga allir að vera léttklæddir, ekki láta sjá þig í síðermaskyrtu niðrí bæ! Hlustið á G-Manninn, he knows his shit!

***Þangað til næst, sææææælar!***
***Kv, Gillz***

# Farðu alla leið ! Njóttu lífsins með heilbrigðum lífsstíl

